158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 492 — 364. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar sýslumannsembætta.

Frá dómsmálaráðherra.

I. KAFLI
Breyting á lögum um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932.

1. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi embættis- eða sýslumanni á næsta stað í landi, sem til næst“ í 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumanni.

II. KAFLI
Breyting á erfðalögum, nr. 8/1962.

2. gr.

Orðin „í því umdæmi þar sem búskipti eftir hinn látna fara fram“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

3. gr.

4. mgr. 50. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 55. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „Ráðherra“ kemur: fjármála.
b. Í stað orðsins „sjóðsins“ kemur: ríkissjóðs.

III. KAFLI
Breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í því umdæmi þar sem réttindum yfir eigninni er þinglýst“ kemur: hér á landi.
b. Orðin „í þeirri þinghá“ falla brott.

IV. KAFLI
Breyting á lögum um skrásetningu réttinda í loftförum, nr. 21/1966.

6. gr.

Í stað orðanna „við embætti sýslumannsins í Reykjavík“ í 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: hjá sýslumanni.

7. gr.

Í stað orðsins „endurriti“ í 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. laganna kemur: eintaki.

8. gr.

Í stað orðsins „endurrit“ í 15. gr. laganna kemur: eintak.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „endurrit“ tvívegis í 1. málsl. og 2. málsl. kemur: eintak.
b. Í stað orðsins „endurrits“ í 2. málsl. kemur: eintaks.

V. KAFLI

Breyting á lögum um innheimtu meðlaga o.fl., nr. 54/1971.

10. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp, nr. 40/1972.

11. gr.

Orðið „Norður-Múlasýslu“ í 3. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

VII. KAFLI

Breyting á lögum um opinberar fjársafnanir, nr. 5/1977.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Orðið „viðkomandi“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Orðin „þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili“ í 2. mgr. falla brott.

13. gr.

2. málsl. 4. gr. laganna fellur brott.

14. gr.

Í stað orðanna „Viðkomandi sýslumaður“ í 3. mgr. 7. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

VIII. KAFLI

Breyting á þinglýsingalögum, nr. 39/1978.

15. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður fer með þinglýsingar.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Þinglýsingarstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sýslumanni.
c. 2. mgr. orðast svo:

Starfsmaður sýslumanns getur leyst úr þinglýsingarmáli þótt sýslumaður sé vanhæfur skv. 1. mgr.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. Í stað 1. mgr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Bera má úrlausn sýslumanns um þinglýsingu samkvæmt lögum þessum undir héraðsdómara í þeirri þinghá sem hér greinir:

a. Fasteign eða réttindi yfir henni, þar sem fasteignin er.
b. Skip 5 brúttótonn eða stærra, þar sem skipið er skráð.
c. Skráningarskylt skip, minna en 5 brúttótonn, þar sem skipið er skráð.
d. Lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, eða hefur eigi verið skráð, þar sem eigandi þess á heimilisvarnarþing.
e. Lausafé í eigu skrásetts félags, þar sem félagið er skráð. Sé félagið óskráð, þar sem formaður stjórnar á heimilisvarnarþing. Sé um sérstaka sameign að ræða, þar sem sá sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni á heimilisvarnarþing, en ella þar sem allir sameigendur eiga heimilisvarnarþing.

Verði lögsaga ekki ákveðin skv. 1. mgr. skal úrlausn sýslumanns borin undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Við ákvörðun lögsögu skv. 1. mgr. skal miðað við það tímamark þegar skjal taldist afhent til þinglýsingar. Heimild til að bera úrlausn sýslumanns undir héraðsdómara hefur hver sá sem á lögvarðra hagsmuna að gæta vegna ákvörðunar sýslumanns. Úrlausnin skal borin undir dóm áður en fjórar vikur eru liðnar frá henni ef þinglýsingarbeiðandi eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en fjórar vikur eru liðnar frá þeim tíma er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 2. mgr., 4. málsl. 3. mgr. og í 1. málsl. 5. mgr. kemur: sýslumanns.
c. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 1. og 5. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumanni.
d. Í stað orðsins „Þinglýsingarstjóri“ í 3. málsl. 3. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. kemur: Sýslumaður.
e. Í stað orðanna „staðfest ljósrit gagna og endurrit“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur: eintak gagna.
f. Í stað orðsins „3. mgr.“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 5. mgr.

18. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðast svo: **Framkvæmd laga.**

19. gr.

4. gr. laganna fellur brott.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sá sem beiðist þinglýsingar skal afhenda sýslumanni eintak skjals í frumriti.
b. 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 2. mgr. kemur: sýslumaður.
d. Orðin „rituð á löggiltan þinglýsingapappír og“ í 2. mgr. falla brott.
e. 3. mgr. fellur brott.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Orðin „þar sem dagbók er haldin í tölvu“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 3. málsl. 1. mgr. fellur brott.
c. A-liður 2. mgr. fellur brott.
d. H-liður 2. mgr. orðast svo: skjal er ekki afhent í frumriti.
e. Orðin „og endurrit eða samrit þess“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 1. mgr. og 1. málsl. 5. mgr. kemur: sýslumaður.
b. Orðin „svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „skjölin“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: skjalið.
d. Á eftir orðunum „ábyrgðarbréfi eða“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda eða.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Þinglýsingarstjórar færa“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: Sýslumaður færir.
b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: sýslumanni.
c. 2. mgr. orðast svo:
   Bækurnar skulu vera á því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.
d. 4. mgr. fellur brott.

24. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Þegar þinglýsing hefur farið fram skal hún staðfest af sýslumanni.
b. 3. mgr. fellur brott.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Þau eintök þinglýstra skjala sem sýslumaður heldur eftir skulu geymd í samræmi við gildandi reglur og lög um skjalavörslu opinberra aðila.
b. 2.–4. mgr. falla brott.

26. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 11. gr. laganna kemur: sýslumanns.

27. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 3. málsl. 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. málsl. 17. gr., 3. málsl. 2. mgr. 24. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 4. mgr. 48. gr. laganna og í 3. mgr. og 2. málsl. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: sýslumanni.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Aflýsing skjals skal staðfest af sýslumanni og vera rekjanleg í þinglýsingabók.
b. 2.–4. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Að svo vöxnu“ í 5. málsl. 1. mgr. kemur: Ef við á.
d. 2. mgr. fellur brott.

29. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 1. málsl. og 4. og 5. málsl. 17. gr., 1. og 3. málsl. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laganna og í 1. og 2. málsl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögunum kemur: sýslumaður.

30. gr.

20. gr. laganna fellur brott.

31. gr.

Orðin „á beiðni um þinglýsingu með rafrænni færslu“ í 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

32. gr.

3. málsl. 3. mgr. 25. gr. laganna fellur brott.

33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 1. málsl. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. 2. mgr. kemur: sýslumaður.
b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjórinn“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sýslumaður.
c. Á eftir orðinu „ábyrgðarbréfi eða“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda eða.
d. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sýslumanns.

34. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. laganna:

a. Orðin „kvittun eða“ í 2. mgr. falla brott.
b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: sýslumaður.

35. gr.

41. gr. laganna fellur brott.

36. gr.

42. gr. laganna fellur brott.

37. gr.

1. mgr. 43. gr. laganna fellur brott.

38. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingarstjóranum“ í 1. málsl. 44. gr. laganna kemur: sýslumanni.

39. gr.

45. gr. laganna fellur brott.

40. gr.

1., 2. og 4. mgr. í 47. gr. laganna falla brott.

41. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóra“ í inngangsmálslið kemur: sýslumanns.
b. A-liður orðast svo: Að hann hefur treyst veðbókarvottorði sýslumanns, enda sé aðili grandlaus.

42. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þinglýsingarstjóra á varnarþingi eignar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sýslumanns.
b. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 1. og 3. málsl. 2. mgr. kemur: sýslumaður.

43. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „frv. koma til framkvæmda í einstökum umdæmum“ í 3. málsl. 4. mgr. kemur: ákvæði 10. gr. kemur til framkvæmda.
b. Orðin „í einstökum umdæmum“ í 1. málsl. 5. mgr. falla brott.

44. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um form skjala sem afhent eru til þinglýsingar, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, veðbókarvottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka.

IX. KAFLI
Breyting á lögum um handiðnað, nr. 42/1978.

45. gr.

Í stað orðanna „Sýslumenn skulu“ í 1. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Sýslumaður skal.

46. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sýslumaður lætur af hendi meistarabréf eigi aðili lögheimili hér á landi.
b. Í stað orðanna „Sýslumaður sem fær umsókn frá aðila sem á“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Eigi aðili.
c. Á eftir orðinu „lætur“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: sýslumaður.
d. 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.
e. 4. mgr. fellur brott.

47. gr.

2. og 3. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

X. KAFLI

Breyting á lögum um horfna menn, nr. 44/1981.

48. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ kemur: Sýslumaður.
b. Við málsliðinn bætist: á grundvelli lögræðislaga.

XI. KAFLI

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986.

49. gr.

Orðið „viðkomandi“ í fyrra sinnið í 1. málsl. 1. mgr. 24. gr. laganna fellur brott.

XII. KAFLI

Breyting á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986.

50. gr.

Í stað orðanna „viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður, í Reykjavík yfirborgardómarinn“ í 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. laganna kemur: sýslumaður.

XIII. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

51. gr.

Í stað orðanna „öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs“ í 2. málsl. 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: sýslumanni.

XIV. KAFLI

Breyting á lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

52. gr.

2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

XV. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

53. gr.

Í stað orðanna „aðrir innheimtumenn ríkissjóðs“ í 1. málsl. 47. gr. laganna kemur: sýslumaður.

XVI. KAFLI
Breyting á lögum um lögbókandagerðir, nr. 86/1989.

54. gr.

Í stað orðanna „sýslumenn framkvæma hver í sínu umdæmi“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: sýslumaður framkvæmir.

XVII. KAFLI
Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989.

55. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sýslumaður fer með aðfarargerðir.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Um hæfi sýslumanns fer skv. II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

c. 4. mgr. orðast svo:
   Að því leyti, sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla, skal þeim, nema annað sé sérstaklega tekið fram, beint til héraðsdómstóls í þeirri þinghá sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing. Heimilt er þó einnig að beina máli til héraðsdóms í þeirri þinghá:
   1. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi, ef krafan á rætur að rekja til hennar. Fari atvinnustarfsemin fram í fleiri en einni þinghá skal miða við aðalstöðvar hennar, nema aðfararheimild varði sérstaklega starfsemina á öðrum stað;
   2. þar sem þau verðmæti er að finna sem standa að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfu;
   3. þar sem andlag gerðarinnar er að finna, ef um aðför er að ræða til fullnustu annarrar kröfu en um peningagreiðslu.
   4. þar sem eignir gerðarþola er að finna, þegar um aðför er að ræða til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, ef gerðarþoli á ekki skráð heimili eða aðsetur hér á landi.

d. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
   Við ákvörðun um lögsögu skv. 4. mgr. skal miðað við aðstæður þegar aðfararbeiðni berst sýslumanni. Hafi staðsetning eignar sem gerð beinist að ekki legið fyrir á þeim tíma, en lögsaga byggist á staðsetningu eignar, skal miða við þann stað þar sem eignin er fyrst tilgreind við framkvæmd gerðarinnar. Síðari breytingar á heimilisvarnarþingi gerðarþola, staðsetningu eignar eða öðrum atriðum sem lögsaga byggist á hafa ekki áhrif á lögsögu vegna sömu aðfarargerðar.
   Sé máli beint til héraðsdómstóls á öðrum grundvelli en heimilisvarnarþingi gerðarþola, sbr. 1.–5. tölul. 4. mgr., skal tilgreina þau atvik sérstaklega.
   Verði lögsaga ekki ákveðin skv. 4. mgr. skal málefnið borið undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

56. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Beiðni um aðför, sem sætir ekki í upphafi meðferð héraðsdómstóls samkvæmt ákvæðum 11. gr., og aðfararbeiðni, sem árituð hefur verið af héraðsdómara um að gerð megi fara fram, skal beint til sýslumanns eigi gerðarþoli heimilisvarnarþing hér á landi. Heimilt er að beina aðfararbeiðni til sýslumanns þrátt fyrir að gerðarþoli eigi ekki skráð heimili eða aðsetur hér á

landi, þegar eignir gerðarþola eru hér á landi og um er að ræða aðför til fullnustu kröfu um peningagreiðslu.

57. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

a. Orðin „hvort telja megi beiðni komna fram í réttu umdæmi“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 3. mgr. fellur brott.

58. gr.

2. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

59. gr.

35. gr. laganna fellur brott.

60. gr.

2. mgr. 51. gr. laganna fellur brott.

61. gr.

Í stað orðanna „þess sýslumanns, sem lauk fjárnámsgerð“ í 1. mgr. 68. gr. laganna kemur: sýslumanns.

62. gr.

Orðin „eða fulltrúi hans“ í 1. mgr. 97. gr. laganna falla brott.

XVIII. KAFLI

Breyting á lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.

63. gr.

Við 1. gr. laganna bætast fjórar nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Beiðni um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann, tilkynning eða annað gagn sem á grundvelli laga þessara er afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eiga að máli er heimilt að miðla á rafrænu eða stafrænu formi, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafar. Sýslumaður getur ákveðið að frumrit gagna verði lögð fram við meðferð máls telji hann það nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málsaðili telur sig eiga.

Þegar lög þessi eða venja áskilja áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun telst slíkum áskilnaði fullnægt með rafrænni staðfestingu.

Beiðni um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er á stafrænu eða rafrænu formi telst komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Gagn eða tilkynningu þarf ekki jafnframt að afhenda á pappírsformi.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um framkvæmd þessa ákvæðis og meðferð mála hjá sýslumanni, þar á meðal um rafræna staðfestingu, afhendingarmáta, form og frágang gagna.

64. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra fara“ í 1. mgr. kemur: Sýslumaður fer.
b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Um hæfi sýslumanns fer skv. II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

65. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Að því leyti, sem fyrirmæli laga þessara heimila að ágreiningur um gerð verði borinn undir héraðsdómstól, án þess að um mál sé að ræða til staðfestingar gerðinni, á úrlausn hans undir héraðsdómstól þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing.

Ágreiningi vegna kyrrsetningar eða löggeymslu má þó einnig beina til héraðsdómstóls í þeirri þinghá:

1. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi ef krafa gerðarbeiðanda á rætur að rekja til hennar. Fari atvinnustarfsemi gerðarþola fram í fleiri en einni þinghá skal að jafnaði miða við aðalstöðvar hennar, nema krafan eigi rætur að rekja til starfsemi á öðrum stað og gerðarbeiðandi kjósi þann stað fremur;
2. þar sem eignir gerðarþola er að finna, ef hann á ekki skráð heimili hér á landi.

Ágreiningi vegna lögbanns má einnig beina til héraðsdómstóls í þeirri þinghá þar sem sú athöfn sem lögbanns var beiðst við fer eða mun fara fram.

Við ákvörðun lögsögu skv. 2. og 3. mgr. skal miðað við aðstæður þegar beiðni um gerð berst sýslumanni. Byggist lögsaga á staðsetningu eignar eða framkvæmdastað gerðar sem þá liggur ekki fyrir skal miðað við þann tíma þegar eignin verður andlag gerðar eða framkvæmdastaður hennar liggur fyrir. Síðari breytingar á þeim atriðum sem lögsaga byggist á hafa ekki áhrif á lögsögu vegna sömu gerðar.

Verði lögsaga ekki ákveðin skv. 1.–3. mgr. skal ágreiningur um gerð borinn undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

66. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Kyrrsetningarbeiðni skal beint til sýslumanns eigi gerðarþoli heimilisvarnarþing hér á landi. Heimilt er þó einnig að beina kyrrsetningarbeiðni til sýslumanns ef:

1. rökstudd ástæða er til þess að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir hér á landi þegar til framkvæmdar gerðarinnar kemur,
2. gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi hér á landi og krafa gerðarbeiðanda á rætur að rekja til hennar,
3. eignir gerðarþola eru hér á landi.

b. Í stað orðanna „í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli á heimilisvarnarþing“ í 2. mgr. kemur: á grundvelli 1.–3. tölul. 1. mgr.

67. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Orðin „og hvort hún hafi komið fram í réttu umdæmi“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „og 35. gr.“ í 4. mgr. falla brott.

68. gr.

Orðin „2. mgr. 51. gr.“ í 15. gr. laganna falla brott.

69. gr.

Í stað orðanna „þess sýslumanns sem lauk gerðinni“ í 1. málsl. 5. mgr. 22. gr. laganna kemur: sýslumanns.

70. gr.

1. málsl. 1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Beiðni um lögbann skal beint til sýslumanns ef gerðarþoli á heimilisvarnarþing hér á landi eða ef athöfn sem lögbanns er beiðst við fer eða mun fara fram hér á landi.

71. gr.

Í stað orðanna „þar sem gerðinni var lokið“ í 1. málsl. 5. mgr. 36. gr. laganna kemur: þess héraðsdómstóls sem hefði lögsögu um ágreining vegna gerðarinnar skv. 3. gr.

72. gr.

Í stað orðanna „í þeirri þinghá sem henni var lokið“ í 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: í þinghá þess héraðsdómstóls sem hefði lögsögu um ágreining vegna gerðarinnar skv. 3. gr.

73. gr.

Í stað orðanna „þeirri þinghá sem gerðinni var lokið eða hennar var beiðst“ í 2. málsl. 2. mgr. 43. gr. laganna kemur: í þinghá þess héraðsdómstóls sem hefði lögsögu um ágreining vegna gerðarinnar skv. 3. gr.

XIX. KAFLI

Breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

74. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Skipti á dánarbúum eiga undir sýslumann.

Að því leyti sem málefni vegna skipta á dánarbúum koma til kasta héraðsdómstóla skal þeim, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum, beint til héraðsdómstóls í þeirri þinghá þar sem hinn látni átti lögheimili á dánardægri. Hafi hann ekki átt lögheimili hér á landi skal miða við fastan dvalarstað hans á dánardægri, en hafi hann engan slíkan dvalarstað átt skal miðað við þá þinghá þar sem hann lést. Hafi maki hins látna fengið leyfi til setu í óskiptu búi ræðst lögsaga á sama hátt af lögheimili makans, dvalarstað eða eftir atvikum dánarstað hvort sem skiptin fara fram að honum lifandi eða skipt er búi eftir bæði hjónin.

Verði lögsaga ekki ákveðin skv. 2. mgr. skal málinu beint til Héraðsdóms Reykjavíkur.

75. gr.

Í stað orðanna „í þeirri þinghá þar sem skiptin fara fram“ í 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. og 2. málsl. 3. mgr. 88. gr. laganna kemur: í þinghá þess héraðsdómstóls sem hefur lögsögu skv. 3. gr.

76. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 5. gr. laganna:

a. Orðin „eða umboðsmanni hans“ í 1. málsl. falla brott.
b. 2. málsl. fellur brott.
c. Orðin „eða umboðsmaður hans“ í 3. málsl. falla brott.

77. gr.

Orðin „eða umboðsmanni hans“ í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. og 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

78. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

79. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir“ í 1. mgr. kemur: sýslumanni.
b. 4. mgr. orðast svo:

Um hæfi sýslumanns fer skv. II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef sýslumaður er vanhæfur skal hann tilkynna það ráðherra án tafar eftir að andlátstilkynning hefur borist, nema skiptum hafi þá þegar verið lokið skv. 25. gr. Skipar þá ráðherra annan löghæfan mann til að annast störf sýslumanns við skiptin en þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun ráðherra úr ríkissjóði.

80. gr.

2. málsl. 2. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

81. gr.

Í stað orðanna „sá sýslumaður sem skiptin eiga undir“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: sýslumaður.

82. gr.

Orðin „sem skiptin eiga undir“ í 1. málsl. 1. mgr. 14. gr. og 6. mgr. 44. gr. laganna falla brott.

83. gr.

Í stað orðanna „þess sýslumanns sem skiptin eiga undir“ í 3. málsl. 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: sýslumanns.

84. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „sá sýslumaður, sem í hlut á“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: sýslumaður.
c. Orðin „umboðsmanni sínum eða öðrum starfsmanni“ í 4. mgr. falla brott.

85. gr.

Orðin „eða eignirnar séu utan umdæmis hans“ í 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. laganna falla brott.

86. gr.

Í stað orðanna „áritun sinni á beiðni þeirra eða með“ í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: staðfestingu eða.

87. gr.

Í stað orðanna „til ríkisins“ í 2. tölul. 37. gr. laganna kemur: í ríkissjóð.

88. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í umdæmi þess sýslumanns sem skiptin eiga undir“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 3. gr.
b. Í stað orðanna „eintak hennar þeim sýslumanni sem skiptin eiga undir“ í 3. mgr. kemur: sýslumanni eintak hennar.

89. gr.

Orðin „sem skiptin áttu undir“ í 2. málsl. 2. mgr. 72. gr., 2. málsl. 2. mgr. 80. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 81. gr. laganna falla brott.

90. gr.

Í stað orðanna „þeim sýslumanni, sem skiptin áttu undir“ í 2. málsl. 1. mgr. 73. gr. laganna kemur: sýslumanni.

91. gr.

Í stað orðanna „beiðni erfingjanna um heimild til þeirra þeim sýslumanni sem skiptin áttu undir“ í 2. málsl. 1. mgr. 74. gr. laganna kemur: sýslumanni beiðni erfingjanna um heimild til þeirra.

92. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 119. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þess sýslumanns sem í hlut á“ í 1. málsl. kemur: sýslumanns.
b. Í stað orðanna „í umdæmi hans“ í 2. málsl. kemur: skv. 3. gr.

93. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 123. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „í umdæmi þess sýslumanns sem veitti leyfi til einkaskipta“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skv. 3. gr.
b. Í stað orðanna „í umdæmi þess sýslumanns sem veitti erfingjunum leyfi til einkaskipta“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: skv. 3. gr.

XX. KAFLI
Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

94. gr.

Orðin „utan umdæmis hans“ í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

95. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Eftirtalin skjöl eru undanþegin gjaldi fyrir þinglýsingu:

1. Úrskurður um sviptingu sjálfræðis, fjárræðis eða hvors tveggja, úrskurður um brottnám lögræðissviptingar og skipunarbréf ráðsmanns.
2. Skilmálabreyting á verðtryggðum fasteignaveðlánum vegna greiðslujöfnunar.
3. Fyrirsvar jarða í sameign.
4. Búsetuleyfi og erfðaskiptayfirlýsing.
5. Fjárnám, kyrrsetning og löggeymsla.
6. Staðfesting um að eign hafi verið seld við nauðungarsölu og staðfesting á upphafi gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi.
7. Kvöð um friðlýsingu menningarminja og minningarmarka.
8. Yfirlýsing um afmáningu veðréttinda í tengslum við tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

96. gr.

Á eftir orðinu „Skráning“ í 12. tölul. 13. gr. laganna kemur: breyting og afturköllun.

XXI. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991.

97. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sýslumaður fer með framkvæmd nauðungarsölu.

b. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Um hæfi sýslumanns fer skv. II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

c. 4. mgr. orðast svo:

Að því leyti sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla skal þeim beint til dómstóls í þeirri þinghá sem hér greinir:

1. Fasteign eða réttindi yfir fasteign skv. 1. mgr. 17. gr., þar sem fasteignin er.
2. Skip sem er skráð hér á landi og er fimm brúttótonn eða stærra, þar sem skipið er skráð.
3. Loftfar og loftfarshlutar sem skráð eru hér á landi, hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.
4. Skip eða loftfar sem er skráð erlendis, þar sem það er statt hér á landi.
5. Aðrar eignir, þar sem eignin er staðsett eða geymd, en verði lögsaga ekki ákveðin á þann hátt skal miðað við heimilisvarnarþing gerðarþola eða, ef því verður ekki við komið, þann stað þar sem fjárnám var gert sem nauðungarsölu er síðan krafist eftir.

d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Við ákvörðun lögsögu skv. 4. mgr. skal miða við aðstæður þegar beiðni um nauðungarsölu berst sýslumanni. Síðari breyting á heimilisvarnarþingi gerðarþola, skráningarstað skips eða staðsetningu eignar hefur ekki áhrif á lögsögu vegna sömu nauðungarsölu. Hafi meðferð fleiri beiðna um nauðungarsölu á sömu eign verið sameinuð skal miða við elstu beiðnina sem barst sýslumanni.

Verði ekki ráðið af 4. mgr. hvaða héraðsdómstóll hefur lögsögu skal málinu beint til Héraðsdóms Reykjavíkur, enda eigi það að öðru leyti undir íslenska lögsögu.

98. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Sýslumenn færa málaskrár og gerðabækur“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sýslumaður færir málaskrá og gerðabók.
b. Í stað orðanna „málaskráa og form gerðabóka“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: málaskrár og form gerðabókar.
c. Í stað orðsins „sýslumanna“ í 2. mgr. kemur: sýslumanns.

99. gr.

Í stað orðanna „sýslumannsins í því umdæmi sem á við hverju sinni eftir ákvæðum 18. og 58. gr.“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: sýslumanns.

100. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu „hætti“ í 1. mgr. kemur: og.
b. Orðin „og beiðnin sé komin fram í réttu umdæmi“ í 1. mgr. falla brott.
c. 3. mgr. fellur brott.

101. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Beiðni um nauðungarsölu á eignum eða réttindum skv. 17. gr. skal beint til sýslumanns.
b. 2. og 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „má krefjast nauðungarsölu í því umdæmi þar sem það er statt, en nauðungarsalan frestast þá sjálfkrafa ef það fer síðar úr umdæminu“ í 4. mgr. kemur: en statt hér á landi má krefjast nauðungarsölu hjá sýslumanni, en nauðungarsalan frestast þá sjálfkrafa ef það fer síðar af landi brott.

102. gr.

Orðin „hún er þá í umdæmi hans og“ í 2. málsl. 2. mgr. 36. gr. laganna falla brott.

103. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 58. gr. laganna:

a. 2. mgr. orðast svo:
   Beiðni um nauðungarsölu samkvæmt þessum þætti skal beint til sýslumanns ef gerðarþoli á heimilisvarnarþing hér á landi eða eignin er staðsett eða geymd hér á landi.
b. 3. og 4. mgr. falla brott.

104. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Vörslutaka o.fl.**

XXII. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

105. gr.

Í stað orðsins „sýslumenn“ í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumann.

106. gr.

Í stað orðanna „sýslumannsins í þeirri þinghá þar sem mál var höfðað“ í 1. málsl. 1. mgr. 107. gr. laganna kemur: sýslumanns.

XXIII. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31/1993.

107. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Könnunarmaður“ í 2. málsl. 2. mgr. og 4. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. Í stað orðsins „Könnunarmanni“ í 2. og 3. málsl. 3. mgr. kemur: Sýslumanni.
c. Orðið „sýslumönnum“ í 2. málsl. 3. mgr. fellur brott.

108. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sýslumaður annast könnun á hjónavígsluskilyrðum.
b. Í stað orðsins „könnunarmaður“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumaður.
c. Í stað orðsins „könnunarmanns“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumanns.

109. gr.

Í stað orðanna „löggilds könnunarmanns“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sýslumanns.

110. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður framkvæmir borgaralega hjónavígslu.

111. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Leyfi“ í 1. mgr. kemur: Sýslumaður veitir leyfi.
b. Orðin „veita sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra“ í 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 2. mgr. kemur: sýslumanni.

112. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 83. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „sýslumenn halda“ í 1. mgr. kemur: sýslumaður heldur.
b. 2. og 3. mgr. falla brott.

113. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti“ í 1. mgr. kemur: frumriti.
b. Orðin „og endurrit þess eða samrit“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott.

114. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 86. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Í kaupmálabók skal skrá nöfn aðila, kennitölur þeirra og viðtökudag kaupmála.

b. Í stað orðanna „tekið á kaupmálaskrá“ í 2. mgr. kemur: skráð í kaupmálabók.

115. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 87. gr. laganna:

a. Orðin „enda sé eignin skráð í umdæmi hans“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. fellur brott.

116. gr.

124. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn á undan greininni.

117. gr.

2. mgr. 126. gr. laganna fellur brott.

118. gr.

2. málsl. 2. mgr. 133. gr. laganna fellur brott.

XXIV. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

119. gr.

2. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna fellur brott.

120. gr.

2. mgr. 46. gr. laganna fellur brott.

XXV. KAFLI

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

121. gr.

Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 7. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

XXVI. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

122. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist: sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019.

123. gr.

Í stað orðanna „öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs“ í 2. málsl. 14. gr. laganna kemur: sýslumanni.

124. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

a. Við 1. mgr. bætist: sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019.
b. Í stað orðanna „Aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu“ og „þeir hafa“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Sýslumaður skal; og: hann hefur.

XXVII. KAFLI
Breyting á lögræðislögum, nr. 71/1997.

125. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „yfirlögráðanda“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: sýslumanns ásamt þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að sýslumaður geti sinnt skyldum sínum skv. 4. mgr.
b. 2. og 3. málsl. 3. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ í inngangsmálslið 4. mgr. kemur: Sýslumaður.
d. 2. málsl. a-liðar 4. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: Sýslumaður.

126. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 16. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „ráðuneytinu“ í 1. málsl. kemur: sýslumanni.
b. Orðin „laga þessara“ í 2. málsl. falla brott.

127. gr.

6. mgr. 19. gr. laganna fellur brott.

128. gr.

Í stað orðsins „yfirlögráðandi“ í 1. mgr. 34. gr., 1. mgr., 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 37. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 5. mgr. 39. gr., 1. mgr. 44. gr., 1. málsl. 2. mgr. 45. gr., 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr. og 2. málsl. 3. mgr. 47. gr., tvívegis í 1. málsl. 1. mgr., 2. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 48. gr., tvívegis í 5. mgr., 1. málsl. 6. mgr. og 1. málsl. 7. mgr. 51. gr., 1. mgr. 55. gr., 2. mgr. 56. gr., 2. og 4. málsl. 1. mgr. 62. gr., 1. og 2. málsl. 5. mgr. 63. gr., 1. málsl. 1. mgr. og 2. mgr. 64. gr., 1. og 2. málsl. 4. mgr. 67. gr., 2. málsl. 2. mgr. 70. gr., 2. mgr. 71. gr., 4. málsl. 1. mgr. 72. gr. og 5. mgr. 75. gr. laganna kemur: sýslumaður.

129. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 36. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „yfirlögráðanda í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili eða þar sem hann dvelur“ í 1. mgr. kemur: sýslumann.
b. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Umsókn*.

130. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. Orðin „og ráðuneytinu“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „yfirlögráðandi“ í inngangsmálslið 2. mgr. kemur: sýslumaður.
d. 2. málsl. a-liðar 2. mgr. fellur brott.

e. Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: Sýslumaður.

131. gr.

Í stað orðsins „yfirlögráðanda“ í 3. mgr. 41. gr., 1., 3. og 4. mgr. 45. gr., 3. málsl. 2. mgr. 58. gr., 1. málsl. 1. mgr., 1. málsl. 2. mgr., 3. mgr., 1. málsl. 4. mgr., 6. mgr., 7. mgr. og 1. málsl. 8. mgr. 63. gr. og 1. málsl. 2. mgr. 70. gr. laganna kemur: sýslumanni.

132. gr.

Í stað orðsins „yfirlögráðanda“ í 2. mgr. og 1. málsl. 3. mgr. 42. gr., 1. málsl. 2. mgr. 48. gr., 3. málsl. 1. mgr. 54. gr., 3. mgr. 60. gr., 1. málsl. 5. mgr. 67. gr., 2. málsl. 2. mgr. 68. gr., 1. málsl. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 69. gr., 1. og 3. málsl. 1. mgr. 70. gr., 1. málsl. 1. mgr. 72. gr., 2. málsl. 2. mgr. 77. gr. og 83. gr. laganna kemur: sýslumanns.

133. gr.

Í stað orðsins „yfirlögráðenda“ í 2. mgr. 43. gr., 4. mgr. 60. gr., 4. mgr. 69. gr. og 3. mgr. 70. gr. laganna kemur: sýslumanns.

134. gr.

Í stað orðsins „yfirlögráðanda“ í 1. mgr. 46. gr., 3. málsl. 4. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 67. gr. laganna kemur: sýslumann.

135. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. laganna:

a. Orðið „ráðuneytinu“ í 2. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðsins „yfirlögráðandi“ í 2. mgr. kemur: sýslumaður.

136. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „yfirlögráðanda í því umdæmi sem hinn lögræðissvipti á lögheimili í“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sýslumanns.
b. 2. og 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ í 2. mgr. kemur: Sýslumaður.

137. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. Orðin „og ráðuneytinu“ í 2. málsl. 1. mgr. falla brott.
c. Í stað orðanna „Þjóðskrá Íslands“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Sýslumaður.

138. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 73. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „yfirlögráðanda“ í 1. mgr. kemur: sýslumanni.
b. 2. mgr. fellur brott.
c. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Tilkynningarskylda til sýslumanns*.

139. gr.

80. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn á undan greininni:

Framkvæmd laga.

Sýslumaður fer með yfirlögráð.

140. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 81. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Yfirlögráðendur skipa“ í 1. mgr. kemur: Sýslumaður skipar.
b. Í stað orðanna „Yfirlögráðendur hafa“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Sýslumaður hefur.
c. Í stað orðsins „Yfirlögráðandi“ í 3. mgr. kemur: Sýslumaður.
d. Í stað orðanna „Yfirlögráðendur sinna“ og orðsins „þeim“ í 4. mgr. kemur: Sýslumaður sinnir; og: honum.
e. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Hlutverk og heimildir sýslumanns*.

141. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 82. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Sýslumaður heldur gerðabók sem hefur að geyma ákvarðanir samkvæmt lögum þessum.
b. Í stað orðsins „Yfirlögráðendum“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: Sýslumanni.
c. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
d. 3. mgr. fellur brott.
e. Í stað orðanna „yfirlögráðenda í gerðabækur“ í 4. mgr. kemur: sýslumanns í gerðabók.
f. Fyrirsögn á undan greininni orðast svo: *Gerðabók og málaskrá sýslumanns*.

XXVIII. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998.

142. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingastjóra“ í 2. málsl. 2. mgr. 46. gr. laganna kemur: sýslumanns.

XXIX. KAFLI

Breyting á lögum um dánarvottorð, krufningar o.fl., nr. 61/1998.

143. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:
   Dánarvottorð skal afhent venslamanni hins látna sé það útgefið á pappír en að öðrum kosti skal því miðlað rafrænt til sýslumanns. Fái venslamaður dánarvottorð afhent á pappír skal hann afhenda það sýslumanni.
b. 2. og 3. mgr. falla brott.

144. gr.

Orðin „í því umdæmi þar sem maðurinn lést“ í 1. málsl. 12. gr. laganna falla brott.

XXX. KAFLI

Breyting á áfengislögum, nr. 75/1998.

145. gr.

3. málsl. 5. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

146. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 3. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

147. gr.

Orðin „í viðkomandi umdæmi“ í 2. málsl. 2. mgr. 25. gr. laganna falla brott.

XXXI. KAFLI

Breyting á lögum um lögmenn, nr. 77/1998.

148. gr.

1. málsl. 5. mgr. 29. gr. laganna fellur brott.

XXXII. KAFLI

Breyting á lögum um vegabréf, nr. 136/1998.

149. gr.

Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

XXXIII. KAFLI

Breyting á lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999.

150. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

XXXIV. KAFLI

Breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999.

151. gr.

2. málsl. 1. gr. laganna fellur brott.

XXXV. KAFLI

Breyting á lögum um dómtúlka og skjalaþýðendur, nr. 148/2000.

152. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. 2. og 4. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi sýslumaður“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: Sýslumaður.

XXXVI. KAFLI

Breyting á lögum um skráningu, merki og mat fasteigna nr. 6/2001.

153. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. g laganna:

a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sýslumaður skal ávallt kalla til aðstoðar leyfishafa skv. 6. gr. c, einn eða fleiri eftir umfangi mála.
b. Við 5. málsl. 3. mgr. bætist: ásamt loftmynd af afmörkun þrætusvæðis.
c. 4. mgr. fellur brott.

154. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „þinglýsingarstjóri“ í 1. mgr. kemur: sýslumaður.
b. 3. mgr. fellur brott.

155. gr.

Í stað orðsins „Þinglýsingarstjórum“ í 1. málsl. 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Sýslumanni.

XXXVII. KAFLI

Breyting á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

156. gr.

Í stað orðanna „vottorðum þinglýsingarstjóra“ í 16. gr. laganna kemur: veðbókarvottorðum sýslumanns.

XXXVIII. KAFLI

Breyting á girðingarlögum, nr. 135/2001.

157. gr.

3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

XXXIX. KAFLI

Breyting á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, nr. 43/2003.

158. gr.

Orðin „sýslumenn sem lögreglustjórar“ í 2. málsl. 3. mgr. 2. gr. laganna falla brott.

XL KAFLI

Breyting á barnalögum, nr. 76/2003.

159. gr.

Orðin „þar sem móðir á lögheimili“ í 4. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

160. gr.

Orðin „í því umdæmi þar sem barn býr“ í 2. mgr. 38. gr. laganna falla brott.

161. gr.

Orðin „í umdæmi þar sem aðför fer fram“ í 1. málsl. 3. mgr. 45. gr. laganna falla brott.

162. gr.

69. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

163. gr.

Orðin „og 3. mgr.“ í 2. málsl. 1. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

164. gr.

3. mgr. 71. gr. laganna fellur brott.

165. gr.

2. málsl. 1. mgr. 73. gr. laganna fellur brott.

166. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

a. Orðið „undirritaður“ í 1. málsl. 1. mgr. fellur brott.
b. Orðin „embættisheiti sýslumanns, er úrskurðar í máli, og“ í h-lið 2. mgr. falla brott.

167. gr.

Í stað orðsins „sýslumanna“ í 79. gr. laganna kemur: sýslumanns.

XLI. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

168. gr.

Í stað orðanna „öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs“ í 2. málsl. 5. mgr. 96. gr. laganna kemur: sýslumanni.

169. gr.

Í stað orðanna: „aðra innheimtumenn ríkissjóðs“ í 5. málsl. 1. mgr. 98. gr. og 6. málsl. 1. mgr. 99. gr. laganna kemur: sýslumann.

XLII. KAFLI

Breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

170. gr.

Orðin „ekki eldri en fjögurra vikna gömul“ í 2. málsl. 2. mgr. b-liðar 3. mgr. 4. gr. laganna falla brott.

171. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „fylgja“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: liggja fyrir.
b. Í stað orðanna „sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu“ í 4. mgr. kemur: sýslumaður.

172. gr.

Orðið „viðkomandi“ í 3. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

173. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: sýslumanni.

174. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „hafa sýslumenn“ í 1. málsl. kemur: hefur sýslumaður.
b. Orðin „í því umdæmi sem skatturinn er lagður á“ í 2. málsl. falla brott.

XLIII. KAFLI

Breyting á lögum um Evrópufélög, nr. 26/2004.

175. gr.

Orðin „í því umdæmi þar sem skráð skrifstofa félagsins er“ í 2. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna falla brott.

XLIV. KAFLI

Breyting á jarðalögum, nr. 81/2004.

176. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 1. málsl. 2. mgr. 11. gr. laganna kemur: sýslumanni.

XLV. KAFLI

Breyting á lögum um happdrætti, nr. 38/2005.

177. gr.

2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

178. gr.

Í stað orðsins „sýslumenn“ í 1. og 2. málsl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: sýslumaður.

179. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

XLVI. KAFLI

Breyting á tollalögum, nr. 88/2005.

180. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sýslumanna“ og „sýslumenn“ í 1. málsl. kemur: sýslumanns; og: sýslumann.
b. Í stað orðsins „*sýslumenn*“ í fyrirsögn greinarinnar kemur: *sýslumann*.

181. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 2. mgr. 126. gr. og 2. málsl. 1. mgr. 145. gr. f laganna kemur: sýslumanni.

XLVII. KAFLI

Breyting á lögum um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkaréttindum, nr. 53/2006.

182. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra veita“ í 1. mgr. kemur: Sýslumaður veitir.
b. 2. mgr. orðast svo:

   Um hæfi sýslumanns til aðgerða samkvæmt lögum þessum fer skv. II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

183. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

a. Orðin „í því umdæmi þar sem sönnunargagna verður aflað“ í 1. mgr. falla brott.
b. 2. mgr. fellur brott.

XLVIII. KAFLI

Breyting á lögum um íslenska alþjóðlega skipaskrá, nr. 38/2007.

184. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „við embætti sýslumannsins í Reykjavík“ í 2. mgr. kemur: hjá sýslumanni.
b. Í stað orðanna „sýslumanninum í Reykjavík“ í 4. mgr. kemur: sýslumanni.

185. gr.

Í stað orðanna „sýslumanninum í Reykjavík“ í 2. mgr. 7. gr. laganna kemur: sýslumanni.

XLIX. KAFLI
Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.

186. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður er leyfisveitandi samkvæmt lögum þessum.

187. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

a. Orðin „í því umdæmi þar sem leyfisskyld starfsemi er fyrirhuguð“ í 1. málsl. falla brott.
b. Í stað orðanna „þar sem heimahöfn skipsins er samkvæmt lögum um skráningu skipa“ í 2. málsl. kemur: ef heimahöfn skipsins er skráð á Íslandi samkvæmt skipalögum.

188. gr.

Á eftir orðinu „umdæmi“ í inngangsmálslið 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: umsagnaraðila.

189. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Orðin „í viðkomandi umdæmi“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. 2. málsl. 6. mgr. fellur brott.

190. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 21. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Sýslumenn skulu“ í 1. málsl. kemur: Sýslumaður skal.
b. Í stað orðanna „Sýslumenn geta“ í 2. málsl. kemur: Sýslumaður getur.
c. Í stað orðanna „skulu sýslumenn“ í 5. málsl. kemur: skal sýslumaður.

191. gr.

8. mgr. 22. gr. a laganna fellur brott.

L. KAFLI
Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

192. gr.

Í stað orðsins „sýslumenn“ í 1. mgr. 51. gr. laganna kemur: sýslumaður.

LI. KAFLI
Breyting á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

193. gr.

Í stað orðsins „sýslumenn“ í 2. málsl. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: sýslumann.

LII. KAFLI

Breyting á lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009.

194. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 4. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sýslumenn“ í 1. málsl. kemur: sýslumaður.
b. Orðin „einum eða fleiri“ í 2. málsl. falla brott.

195. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:

a. Orðin „í umdæminu, þar sem fasteignin er“ í 3. málsl. 1. mgr. falla brott.
b. Orðin „en fyrir hana greiðist ekkert gjald“ í 3. málsl. 6. mgr. falla brott.

LIII. KAFLI

Breyting á lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa, nr. 57/2011.

196. gr.

Í stað orðsins „sýslumanna“ í 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: sýslumanns.

LIV. KAFLI

Breyting á lögum um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins, nr. 76/2011.

197. gr.

Í stað orðsins „sýslumanna“ í 12. tölul. 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: sýslumanns.

LV. KAFLI

Breyting á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012.

198. gr.

Í stað orðsins „Þinglýsingarstjóri“ í 3. málsl. 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

199. gr.

54. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

LVI. KAFLI

Breyting á lögum um stimpilgjald, nr. 138/2013.

200. gr.

Við 6. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skjöl sem gefin eru út samkvæmt lögum um menningarminjar.

201. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 1. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. 5. mgr. fellur brott.

202. gr.

3. mgr. 9. gr. laganna fellur brott.

LVII. KAFLI

Breyting á lögum um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015.

203. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „Hlutaðeigandi sýslumaður“ í 6. mgr. kemur: Sýslumaður.
b. 7. mgr. orðast svo:

Sýslumaður skal halda skrá yfir þá sem hafa löggildingu fasteignasala.

LVIII. KAFLI

Breyting á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016.

204. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 87. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 1. málsl. kemur: Sýslumaður.
b. 2. málsl. fellur brott.

LIX. KAFLI

Breyting á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016.

205. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 1. málsl. 1. mgr. 15. gr. laganna kemur: sýslumanni.

LX. KAFLI

Breyting á lögum um útlendinga, nr. 80/2016.

206. gr.

Í stað orðsins „sýslumenn“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: sýslumaður.

207. gr.

Í stað orðanna „embætti sýslumanns utan Reykjavíkur“ í 1. málsl. 60. gr. laganna kemur: starfsstöð sýslumanns utan höfuðborgarsvæðisins.

LXI. KAFLI

Breyting á lögum um Höfðaborgarsamninginn um alþjóðleg tryggingarréttindi í hreyfanlegum búnaði og bókun um búnað loftfara, nr. 74/2019.

208. gr.

Í stað orðanna „sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu“ í 3. málsl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: sýslumanns.

209. gr.

Í stað orðanna „embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu“ í 2. málsl. 10. gr. laganna kemur: sýslumanns.

LXII. KAFLI

Breyting á lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019.

210. gr.

Í stað orðanna „sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra“ í 2. málsl. 11. tölul. 2. gr. laganna kemur: sýslumaður.

LXIII. KAFLI

Breyting á umferðarlögum, nr. 77/2019.

211. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 2. málsl. 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: sýslumanni.

LXIV. KAFLI

Breyting á lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019.

212. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skatta og gjalda samkvæmt þeirri verkaskiptingu sem leiðir af 2. mgr.
b. 2. mgr. orðast svo: Innheimtumenn ríkissjóðs eru ríkisskattstjóri á höfuðborgarsvæðinu, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, en sýslumaður utan þess.
c. Í stað orðanna „einum innheimtumanna“ í inngangsmálslið 3. mgr. kemur: innheimtumanni.
d. Í stað orðanna „öðrum innheimtumönnum“ í 1. málsl. 2. tölul. 3. mgr. kemur: innheimtumanni.
e. 1. málsl. 4. mgr. orðast svo: Ráðherra getur ákveðið í reglugerð að fela öðrum aðila en þeim sem um getur í 2. mgr. innheimtu skatta samkvæmt lögum um tekjuskatt.
f. Í stað orðanna „í fleiri en einu umdæmi“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: á landinu öllu.

213. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „öðrum innheimtumönnum“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: innheimtumanni ríkissjóðs.
b. Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: sýslumanni.

LXV. KAFLI

Breyting á skipalögum, nr. 66/2021.

214. gr.

Í stað orðanna „hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra“ í 2. málsl. 4. mgr. 8. gr. laganna kemur: sýslumanni.

215. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „þinglýsingarstjóra í því þinglýsingaumdæmi þar sem skip á eða átti heimilisfang, en þinglýsingarstjóri“ í 2. mgr. kemur: sýslumanns sem.
b. 3. mgr. fellur brott.

216. gr.

Í stað orðsins „þinglýsingarstjórar“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: sýslumaður.

LXVI. KAFLI

Breyting á kosningalögum, nr. 112/2021.

217. gr.

Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 4. málsl. 1. mgr. 62. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

218. gr.

Orðið „hlutaðeigandi“ í 1. mgr. 63. gr. laganna fellur brott.

219. gr.

2. mgr. 68. gr. laganna orðast svo:

Sýslumaður skal tryggja að á kjördag sé unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á nægilegum fjölda kjörstaða um land allt þannig að tryggt sé sem jafnast aðgengi kjósenda að atkvæðagreiðslu, óháð búsetu. Erlendis skal þó ljúka kosningunni daginn fyrir kjördag.

220. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Sýslumaður er kjörstjóri. Sýslumaður ákveður hverjir skulu vera kjörstjórar og ræður aðra trúnaðarmenn til starfa í umboði hans. Sýslumaður skal tilkynna landskjörstjórn hverju sinni hverjir eru kjörstjórar í umboði hans.

b. 1. og 2. málsl. 1. tölul. 2. mgr. orðast svo: Á starfsstöðvum sýslumanns. Sýslumaður getur ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram á sérstökum kjörstað utan starfsstöðva hans.

221. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 76. gr. laganna:

a. 1. málsl. orðast svo: Kjósandi, sem fram að kjördegi greiðir atkvæði hjá kjörstjóra og skilur þar eftir bréf með atkvæði sínu, skal sjálfur láta bréfið í venjulegan atkvæðakassa ef atkvæðagreiðslan fer fram í því kjördæmi þar sem hann er á kjörskrá við alþingiskosningar, forsetakjör eða þjóðaratkvæðagreiðslu eða í því sveitarfélagi þar sem hann er á kjörskrá við sveitarstjórnarkosningar.
b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Kjörstjóri getur ákveðið að á kjörstað standi kjósanda til boða að setja atkvæði í venjulegan atkvæðakassa þótt hann greiði atkvæði í öðru kjördæmi eða sveitarfélagi eftir atvikum, en þar sem hann er á kjörskrá.
c. Orðin „í umdæmi“ í 2. málsl. falla brott.
d. Orðin „fyrir tvö eða fleiri sveitarfélög innan umdæmis hans“ í 3. málsl. falla brott.

LXVII. KAFLI
Breyting á lögum um loftferðir, nr. 80/2022.

222. gr.

Orðin „í því umdæmi þar sem stöðvun fer eða mun fara fram“ í 1. málsl. 2. mgr. 198. gr. laganna falla brott.

LXVIII. KAFLI
Breyting á lögum um nafnskírteini, nr. 55/2023.

223. gr.

Í stað orðsins „Sýslumenn“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: Sýslumaður.

LXIX. KAFLI
Breyting á lögum um sértækan húsnæðisstuðning vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 94/2023.

224. gr.

Í stað orðsins „sýslumönnum“ í 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: sýslumanni.

LXX. KAFLI

Breyting á lögum um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík, nr. 16/2024.

225. gr.

Í stað orðanna „þinglýsingarstjóra ásamt samritum“ í 5. mgr. 9. gr. laganna kemur: sýslumanni.

LXXI. KAFLI

Breyting á lögum um réttindavernd fatlaðs fólks, nr. 77/2026.

226. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sýslumanna“ í inngangsmálslið 1. mgr. kemur: sýslumanns.
b. 2. mgr. fellur brott.

227. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 29. gr. laganna:

a. Í stað orðsins „sýslumönnum“ kemur: sýslumanni.
b. Orðin „ sbr. 2. mgr. 14. gr.“ falla brott.

228. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu mál sem réttilega hafa verið lögð fyrir héraðsdómstól fyrir gildistöku laga þessara rekin áfram fyrir sama dómstóli þótt önnur lögsaga leiði af lögum þessum. Um lögsögu héraðsdómstóla vegna mála sem voru til meðferðar hjá sýslumanni við gildistöku laga þessara, svo og vegna ákvarðana eða gerða sýslumanna fyrir gildistöku laga þessara, fer eftir ákvæðum þinglýsingalaga, nr. 39/1978, laga um aðför, nr. 90/1989, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 og laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991, viðkomandi laga eins og þau giltu fyrir gildistöku laga þessara. Við beitingu þeirra ákvæða skal miða við umdæmi þess sýslumanns sem fór með málið fyrir gildistöku laga þessara. Þetta gildir þótt mál sé fyrst lagt fyrir héraðsdómstól eftir gildistöku laga þessara.

G r e i n a r g e r ð .

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu og er lagt fram til að fylgja eftir lögum um sýslumann, nr. 9/2026, sem samþykkt voru á Alþingi 2. febrúar 2026. Með þeim lögum verða núverandi níu sýslumannsembætti sameinuð í eitt embætti sýslumanns frá og með 1. janúar 2027. Frá sama tíma verður landið eitt umdæmi sýslumanns og sýslumanni falin stjórn, rekstur og fagleg ábyrgð á framkvæmd verkefna embættisins um land allt. Í lögum um sýslumann er kveðið á um að sýslumaður fari með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins eftir því sem lög, reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Jafnframt er með lögunum lögð áhersla á jafnt aðgengi að þjónustu hins opinbera óháð búsetu, aukið framboð stafrænnar þjónustu, framþróun embættisins og eflingu starfsemi á landsbyggðinni. Frumvarp þetta er lagt fram í þeim tilgangi að laga aðra löggjöf að þeim breytingum sem sameining sýslumannsembætta hefur í för með sér. Með því eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem fjalla um sýslumenn og verkefni þeirra og eru að meginstefnu lagðar til lágmarksbreytingar sem miða að því að tryggja að gildandi lög samræmist breyttri skipan sýslumannsembættanna.

Með frumvarpinu er ekki verið að taka einstaka lagabálka og málsmeðferðarreglur á grundvelli þeirra til heildarendurskoðunar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með frumvarpinu er fylgt eftir þeirri stefnumótunarvinnu sem átt hefur sér stað undanfarin ár í málefnum sýslumanna. Í mars 2021 kom út skýrsla dómsmálaráðuneytisins *Sýslumenn – framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri* þar sem sett er fram stefna um framtíðarsýn fyrir málefni sýslumanna. Í kjölfarið lagði þáverandi ráðherra skýrsluna fram á Alþingi (þskj. 1043, 609. mál á 151. löggjafarþingi 2020–2021). Í stefnunni felst að sýslumannsembættin veiti framúrskarandi þjónustu óháð búsetu og staðsetningu, hvar og hvenær sem er, eftir því sem hentar almenningi hverju sinni. Þar kemur m.a. fram að með því að auka vægi stafrænnar þjónustu megi að miklu leyti efla þjónustu embættanna. Þannig megi fækka óskilvirkum ferlum sem hafi að mörgu leyti einkennt málsmeðferð sýslumannsembætta hingað til, oft og tíðum með formlegum fyrirtökum á grundvelli framlagðra skjala. Þá geti skapast tækifæri til að gera þjónustuna í senn miðlæga og sérhæfða. Slíkt myndi leiða til hagræðingar hjá embættunum, skjótari afgreiðslu og þar með bættrar þjónustu við almenning. Þá segir í skýrslunni að mesti þunginn liggi í þeim hluta kjarnaverkefna sem krefjast aðkomu löglærðs fulltrúa eða sérfræðings og einkennast af skyldubundnu mati stjórnvalda og formlegum fyrirtökum. Við þær aðstæður séu tækifæri til framþróunar og innleiðingar stafrænnar málsmeðferðar minni, en þó ekki útilokuð.

Á grundvelli framangreindrar stefnu í málefnum sýslumanna var með lögum um sýslumann, nr. 9/2026, ákveðið að sameina öll níu sýslumannsembætti landsins í eitt embætti og gera landið að einu umdæmi sýslumanns. Við gildistöku laganna, 1. janúar 2027, mun nýtt embætti sýslumanns taka við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum eldri embætta. Frá sama tíma falla lög um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014, úr gildi og þar með verða núverandi níu sýslumannsembætti lögð niður.

Ljóst er að samþykkt laga um sýslumann, nr. 9/2026, kallar á breytingar á fjölmörgum lagabálkum. Breytingarnar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu eru þó misumfangsmiklar. Þær veigamestu lúta að umdæmamörkum sýslumanna og tengingu þeirra við umdæmamörk héraðsdómstóla, sérverkefnum einstakra embætta og hæfisskilyrðum fyrir framkvæmd tiltekinna embættisverka. Víða í lögum eru ákvæði sem fjalla um verkefni sýslumanna og byggjast á því að sýslumannsembættin séu fleiri en eitt. Í mörgum lagabálkum eru ákvæði sem þjóna þeim tilgangi að ákveða hvaða sýslumannsembætti fari með úrlausn máls og á öðrum stöðum er kveðið á um heimild ráðherra að fela einu sýslumannsembætti að fara með framkvæmd afmarkaðs verkefnis. Ljóst er að slík ákvæði fara ekki saman við þá breyttu skipan sem tekur gildi 1. janúar 2027 og verða að verulegu leyti marklaus þegar aðeins eitt embætti sýslumanns er á landsvísu. Af þeirri ástæðu er með frumvarpi þessu lagt til að gerðar verði breytingar á þeim ákvæðum laga sem byggjast á eldri umdæmaskipan þannig að þau verði löguð að hinu nýja skipulagi.

Önnur úrræði en lagasetning duga ekki til að laga gildandi löggjöf að fyrirhuguðum skipulagsbreytingum þar sem um er að ræða lögbundnar reglur sem krefjast breytinga með lögum. Ef ekkert væri aðhafst gæti það leitt til lagalegrar óvissu, flókinnar og óskýrrar stjórnsýslu, ósamræmis í framkvæmd og tafa á innleiðingu laga um sýslumann.

Markmið frumvarpsins er fyrst og fremst að tryggja heildstætt og samræmt lagaumhverfi fyrir hið sameinaða embætti sýslumanns. Frumvarpið tryggir jafnframt einfaldari og skýrari stjórnsýslu, stuðlar að samræmdri málsmeðferð og eyðir hindrunum fyrir innleiðingu rafrænnar og stafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumanni. Frumvarpið tengist beint þeim markmiðum sem birtast í skýrslunni *Sýslumenn – framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri* og þeim

markmiðum sem liggja að baki lögum um sýslumann. Með þeim lögum er lögð áhersla á að bæta þjónustu við almenning, tryggja jafnt aðgengi að þjónustu embættisins óháð búsetu, auka framboð stafrænnar þjónustu, stuðla að skilvirkari rekstri og standa vörð um starfsemi sýslumanns á landsbyggðinni. Auk þess eru í frumvarpinu lagðar til ýmsar efnislegar breytingar m.a. á þinglýsingalögum og lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sem þjóna þeim tilgangi að gera löggjöfina tæknilega hlutlausa um afhendingarmáta gagna, heimila notkun rafrænna staðfestinga auk þess að heimila notkun fjarfundabúnaðar, sem og birtingu tiltekinna gagna í stafrænu pósthólfi. Með breytingunum er verið að fylgja þeim breytingum sem gerðar voru á erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu, sbr. frumvarp sem varð að lögum um stafræna og rafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum, nr. 22/2026.

3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjölmörgum lögum sem laga þarf að nýjum lögum um sýslumann, nr. 9/2026. Frumvarpið hefur að geyma tillögur að breytingum á alls 71 lögum sem varða verkefni sýslumanns. Veigamestu breytingarnar lúta að umdæmamörkum sýslumanna og tengingu þeirra við umdæmamörk héraðsdómstóla, sérverkefnum einstakra embætta og hæfisskilyrðum fyrir framkvæmd tiltekinna embættisverka.

Hér á eftir verður vikið að helstu atriðum frumvarpsins en þeim er skipt í átta þætti.

3.1. Fjöldi embætta og umdæma.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ákvæðum ýmissa laga sem kveða á um að sýslumenn séu fleiri en einn og embættin og umdæmin fleiri en eitt. Útfærslan er mismunandi en helst má nefna tilvísanir til sýslumanna, embætta og umdæma í fleirtölu og tilvísanir í umdæmamörk fyrir málsmeðferð og verkaskiptingu milli embætta. Nú fara sýslumenn með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, og landinu er skipt í níu umdæmi sýslumanna samkvæmt lögum um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014, og reglugerð um umdæmi sýslumanna, nr. 1151/2014. Í fjölmörgum öðrum lagabálkum er byggt á þessu fyrirkomulagi um staðbundin valdmörk sýslumanna, ýmist með beinum tilvísunum til embættanna í fleirtölu eða til ákveðins umdæmis og embættis.

Í fyrsta lagi er víða í lögum vísað til sýslumanna, embætta sýslumanna, umdæma sýslumanna o.s.frv. Orðalagið endurspeglar núverandi skipan mála sem fellur úr gildi 1. janúar 2027, sbr. lög um sýslumann, nr. 9/2026, þ.e. að mörg hliðsett embætti séu starfandi og hvert þeirra fari með framkvæmd lögbundinna verkefna innan síns umdæmis. Þegar eitt embætti hefur tekið til starfa og landið er orðið að einu umdæmi mun orðalagið stangast á við nýja lögbundna skipan sýslumanns. Af þeirri ástæðu er lagt til að gerðar verði viðeigandi breytingar á lagaákvæðum þannig að vísað verði til sýslumanns í eintölu samhliða því að fella brott ákvæði um umdæmi í fleirtölu.

Í öðru lagi er lagt til að felld verði brott ákvæði þar sem gert er ráð fyrir ákveðinni verkaskiptingu sýslumanna og framsendingu mála milli sýslumannsembætta. Slíkar reglur hafa sjálfstæða þýðingu þegar embættin eru fleiri en eitt og staðbundin valdmörk ráða því hvar leyst skuli úr málum. Þegar sýslumannsembættin verða sameinuð í eitt embætti er gert ráð fyrir að mál verði færð á milli starfsstöðva til meðferðar eftir því sem verður ákveðið fyrir innra skipulag og verkaskiptingu starfsfólks um land allt.

Í þriðja lagi eru með frumvarpinu lagðar til breytingar á lögum sem miða að því að fella brott ákvæði um umdæmamörk sem ráðandi þátt við úrlausn máls. Þegar lög um sýslumann

öðlast gildi verða ekki lengur takmarkanir á meðferð og úrlausn mála vegna lögbundinna umdæmamarka, enda verður landið allt eitt umdæmi. Hér er átt við ákvæði sem mæla m.a. fyrir um hvar beiðni skuli lögð fram og hvaða sýslumaður sé bær til að fara með úrlausn máls. Samkvæmt gildandi lögum kann t.d. lögheimili málsaðila, búseta barns, staðsetning eignar o.fl. að ráða því hvaða sýslumannsembætti skuli fara með málsmeðferðina. Ákvæði sem þessi verða marklaus eftir gildistöku laga um sýslumann og því er lagt til að þau verði felld brott. Þannig er miðað við að á hverri starfsstöð sýslumanns standi til boða að leggja fram gögn sem varða starfssvið sýslumanns samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Sé nauðsynlegt að mæta á staðinn og notkun fjarfundarbúnaðar útilokuð miða lög um sýslumann við að skipulag þjónustunnar tryggi sem jafnast aðgengi að þjónustu embættisins. Að öðru leyti fer það eftir innra skipulagi embættisins hvernig móttaka, skráning og úrvinnsla málsins fer fram. Þá er lagt til að fella brott ákvæði sem annars vegar mæla fyrir um að ráðherra eða ráðuneyti ákvarði úrlausnarumdæmi þegar óvissa ríkir um hvaða sýslumaður skuli fara með mál og hins vegar lögbundnar reglur sem kveða á um að ákveðið embætti skuli leysa úr málum vegna óvissu í þeim efnum.

Að lokum er í fjórða lagi lagt til að ákvæði sem veita ráðherra heimild til að fela tilteknum sýslumanni að annast verkefni á landsvísu verði felld brott. Eins og fyrirkomulagið er nú skiptast verkefni sýslumanna almennt í tvo flokka, annars vegar svokölluð kjarnaverkefni sem öll embættin sinna hvert í sínu umdæmi og hins vegar sérverkefni sem tilteknum sýslumanni hefur verið falið að sinna á landsvísu samkvæmt reglugerð. Í flestum tilfellum hefur heimild ráðherra verið nýtt og framkvæmd laga eða tiltekinna verkefna á grundvelli þeirra gert að sérverkefni ákveðins sýslumanns. Þegar eitt embætti tekur til starfa verður ekki þörf á slíkri heimild.

3.2. Tenging við héraðsdómstóla.

Víða í lögum er mælt fyrir um að málum sem koma til kasta héraðsdómstóla vegna ákvarðana eða gerða sýslumanns skuli beint til þess dómstóls sem hefur dómsvald í umdæmi sýslumanns sem fer með málið. Í ljósi þess að landið verður eitt umdæmi sýslumanns 1. janúar 2027 eru lagðar til breytingar á þeim ákvæðum til að eyða öllum vafa um hvar reka megi mál fyrir héraðsdómi. Þá verður ekki lengur unnt að ákvarða staðbundna lögsögu héraðsdómstóla út frá því hvaða sýslumannsembætti fer með mál og ljóst er að fækkun sýslumannsembætta hefur engin áhrif á fjölda eða þinghár héraðsdómstóla. Breytingarnar hafa sérstaka þýðingu í þeim lögum sem undanskilin eru gildissviði stjórnsýslulaga og varða lögbundin verkefni sýslumanns, þ.e. þinglýsingalögum, lögum um aðför, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., lögum um nauðungarsölu og lögum um skipti á dánarbúum o.fl.

Markmið breytinganna er að varðveita að meginstefnu þá landfræðilegu tengingu sem nú gildir um meðferð mála fyrir héraðsdómstólum án þess að staðsetning starfsstöðva sýslumanns eða innri verkaskipting hins sameinaða embættis ráði dómstólatengingu. Lagt er til að sú tenging verði eftir atvikum ákvörðuð með hliðsjón af heimilisvarnarþingi, staðsetningu fasteignar eða annarrar eignar, skráningarstað skips, framkvæmdarstað gerðar eða öðrum tengslum sem eiga við í viðkomandi málum. Ekki er þó lagt til að lögsaga héraðsdómstóla ráðist af því hvar ætla megi að gerðarþoli muni hittast fyrir við framkvæmd gerðar. Það viðmið lýtur að framkvæmd gerðar hjá sýslumanni en þykir ekki eiga við um staðbundna lögsögu héraðsdómstóla.

Í þinglýsingamálum er lagt til að 3. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, sbr. 17. gr. frumvarpsins, mæli sjálfstætt fyrir um hvaða héraðsdómstóll fari með úrlausn sýslumanns sem borin er undir dóm. Miðað verði við staðsetningu fasteignar, skráningarstað skips, og þegar

um annað lausafé er að ræða, þau viðmið um eignarhald, skráningarstað félags og heimilisvarnarþing sem nú koma fram í ákvæðum laganna, þ.e. 4. gr., sbr. 20., 41., 43. og 47. gr., um hjá hvaða embætti skjölum skuli þinglýst. Þannig haldist tengsl dómstólatengingar við tegund eignar þótt ákvæði um umdæmi sýslumanna falli brott. Til að eyða vafa um síðari breytingar um hvað ræður þinghá héraðsdómara er jafnframt gert ráð fyrir að lögsaga ráðist af aðstæðum þegar skjal telst afhent til þinglýsingar og að vararegla gildi þegar ekki verður á annan hátt ákveðið hvaða héraðsdómstóll hafi lögsögu.

Í lögum um aðför, nr. 90/1989, er lagt til að reglur um staðbundna lögsögu héraðsdómstóla verði í 4. gr. laganna, sbr. 55. gr. frumvarpsins. Þar verði heimilisvarnarþing gerðarþola almennt viðmið, en jafnframt verði unnt að byggja á öðrum tengslum sem nú eru lögð til grundvallar við val á umdæmi, svo sem atvinnustarfsemi gerðarþola, veðandlagi, staðsetningu andlags gerðar og eignum gerðarþola þegar hann á ekki heimilisvarnarþing hér á landi. Þegar máli er beint til dómstóls á öðrum grundvelli en heimilisvarnarþingi gerðarþola verður að gera grein fyrir þeim atvikum sem lögsagan byggist á. Sérreglur um dómsmeðferð aðfararbeiðna halda gildi sínu.

Sams konar aðgreining er lögð til í lögum um kyrrsetningu, lögbann, o.fl., nr. 31/1990. Ákvæði 7. og 26. gr. laganna fjalli um heimildir til að beina beiðni til sýslumanns, en í 3. gr. laganna, sbr. 65. gr. frumvarpsins, verði kveðið sérstaklega á um staðbundna lögsögu héraðsdóms við meðferð ágreinings um gerðirnar. Við ákvörðun lögsögu verði tekið mið af heimilisvarnarþingi gerðarþola og eftir atvikum þeim tengslum við atvinnustarfsemi, eignir eða stað þar sem athöfn fer eða mun fara fram sem nú er byggt á. Sérstakar varnarþingsreglur um mál til staðfestingar kyrrsetningu eða lögbanni og skaðabótamál vegna gerða verði samræmdar þessu, án þess að rjúfa tengsl staðfestingarmála við dómstól um undirliggjandi kröfu gerðarbeiðanda, þar sem þau tengsl eiga við.

Í lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, er lagt til að staðbundin lögsaga héraðsdómstóla vegna skipta á dánarbúum verði ákveðin í 3. gr. laganna, sbr. 74. gr. frumvarpsins. Þar verði að meginstefnu áfram miðað við lögheimili hins látna á dánardægri og til vara fastan dvalarstað hans eða dánarstað. Sérstaklega verði tekið tillit til tilvika þar sem maki hins látna hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi. Aðrar greinar laganna, þar á meðal ákvæði um opinber skipti og úrlausn ágreinings við einkaskipti, verði samræmdar þessari reglu. Sérreglur um lögsögu í öðrum skiptamálum, svo sem fjárslitum milli hjóna eða sambúðarfólks, haldi sjálfstæðri þýðingu.

Í nauðungarsölumálum, sbr. lög nr. 90/1991, er lagt til að dómstólatengingin ráðist af tegund og staðsetningu eignar eða öðrum viðeigandi tengslum. Í því felst m.a. að ágreiningur vegna nauðungarsölu fasteignar tengist staðsetningu hennar, skráningarstað skips vegna íslensks skráðs skips og Héraðsdómi Reykjavíkur vegna loftfars og loftfarshluta sem skráð eru hér á landi. Þegar um aðrar eignir og réttindi er að ræða verði miðað við staðsetningu eða geymslustað eignar og til vara heimilisvarnarþing gerðarþola eða stað fyrra fjárnáms, eftir forgangsreglum. Þessi dómstólatenging verður óháð því hvar sýslumaður ákveður að halda uppboð eða selja eign.

Í þeim lögum þar sem lögsaga ræðst af aðstæðum sem geta breyst eftir að málsmeðferð hefst er lagt til að tilgreina sérstakt tímamark. Í þinglýsingamálum verði miðað við afhendingu skjals til þinglýsingar. Í aðfarar-, kyrrsetningar-, löggeymslu- og lögbannsmálum verði almennt miðað við móttöku beiðni hjá sýslumanni, en ef lögsaga byggist á staðsetningu eignar eða framkvæmdastað sem þá er óþekktur verði miðað við þann tíma þegar tengslin liggja fyrst fyrir. Í nauðungarsölumálum verði að meginstefnu til miðað við móttöku beiðni sem tekin er

til meðferðar. Markmiðið er að breytingar á heimilisvarnarþingi, skráningarstað eða staðsetningu eignar eftir það tímamark raski ekki lögsögu vegna sama máls. Þegar ekki verður ákveðið samkvæmt framangreindum viðmiðum hvaða héraðsdómstóll skuli fara með mál er í viðkomandi lögum gert ráð fyrir varareglu um Héraðsdóm Reykjavíkur.

Að lokum er gert ráð fyrir sérstakri lagaskilareglu í gildistökuákvæði 228. gr. frumvarpsins vegna mála sem eru þegar til meðferðar hjá héraðsdómstólum við gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, og úrlausna eða gerða sem farið hafa fram hjá sýslumönnum fyrir þann tíma. Markmið lagaskilanna er að mál sem réttilega hafa verið lögð fyrir héraðsdóm verði áfram rekin þar og breytingarnar leiði ekki til óvissu um staðbundna lögsögu vegna mála sem voru eða eru til meðferðar hjá sýslumanni. Ákvæðið er því fyrst og fremst aðlögun reglna um staðbundna lögsögu að breyttri skipan sýslumannsembættanna en ekki almenn endurskoðun réttarfarsreglna viðkomandi laga, þ.e. þinglýsingalaga, laga um aðför, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um nauðungarsölu.

3.3. Hæfi sýslumanns til að fara með framkvæmd tiltekinna embættisverka.

Við gerð frumvarpsins þótti rétt að endurskoða nauðsyn á sérstökum hæfisreglum fyrir sýslumann og eftir atvikum löglærða fulltrúa hans, til viðbótar við ný hæfisskilyrði skv. 3. gr. laga um sýslumann, nr. 9/2026, og II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Í frumvarpinu er lagt til að sérstökum hæfisreglum á grundvelli einstakra laga verði almennt breytt á þann veg að II. kafli stjórnsýslulaga gildi. Með því er aðallega lagt til að vikið verði frá kröfum um að sýslumaður og eftir atvikum löglærður fulltrúi þurfi að uppfylla hæfisskilyrði dómara til að fara með einkamál í héraði. Á það sérstaklega við í þeim lögum sem undanskilin eru gildissviði stjórnsýslulaga. Bent er á að í tilviki þinglýsingalaga hafa stjórnsýslulögin gilt um hæfi sýslumanns frá gildistöku stjórnsýslulaga 1. janúar 1994. Breytingin sem hér er lögð til þykir vera til einföldunar og samræmingar við önnur málefnasvið stjórnsýslunnar. Þá þykja ekki vera málefnaleg sjónarmið fyrir því að viðhalda sérreglum fyrir sýslumann og löglærða fulltrúa hans, enda gilda meginreglur stjórnsýsluréttar fyrir málsmeðferðina þótt tilteknir lagabálkar séu undanskildir gildissviði stjórnsýslulaga. Að auki þykir ekki samrýmast nýjum hæfisskilyrðum sýslumanns að viðhalda lagaákvæðum sem gera ráð fyrir að sýslumaður og löglærðir fulltrúar hans fari einir með tiltekin lögbundin verkefna, enda er lögfræðimenntun ekki meðal hæfisskilyrða sýslumanns, sbr. 3. gr. laga um sýslumann.

Þá eru lagðar til breytingar á lagaákvæðum sem vísa til þess að sýslumaður og löglærðir fulltrúar hans megi einir annast framkvæmd lögbundinna verkefna, á þann veg að vísað verði eingöngu til þess að sýslumaður fari með framkvæmdina. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til, þ.e. að kveða á um að sýslumaður fari með framkvæmd laga, er átt við að embætti sýslumanns fari með framkvæmdina en ekki embættismaðurinn eða einstaka starfsstéttir. Eðli máls samkvæmt mun breytingin hafa í för með sér að allt starfsfólk sýslumanns ásamt honum sjálfum geti séð um framkvæmdina. Þykir breytingin rökrétt í ljósi stærðar nýs embættis sem tekur til starfa 1. janúar 2027 og þeirrar staðreyndar að sýslumaður muni almennt ekki sjálfur koma að framkvæmd embættisverka. Rétt þykir að eftirláta sýslumanni að meta þær kröfur sem gerðar eru til starfans hverju sinni, svo sem hvort lögfræðimenntun eða önnur menntun sé nauðsynleg til að tryggja rétta og vandaða meðferð við úrlausn máls. Er hér áréttað að með orðalagsbreytingunni er ekki endilega gert ráð fyrir að framkvæmd þeirra verkefna sem sýslumenn og fulltrúar þeirra hafa með höndum verði breytt frá því sem er nú við lýði. Er því gert ráð fyrir að löglærðir fulltrúar muni áfram gegna lykilhlutverki við framkvæmd verkefna sem krefjast lögfræðimenntunar, sem er jafnframt í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga um sýslumann, þar sem sérstaklega er fjallað um hæfi þeirra.

3.4. Lögbundnir starfstitlar við framkvæmd verkefna.

Í einstaka lagabálkum hefur tíðkast að sýslumenn beri að auki sérstaka starfstitla vegna framkvæmdar lögbundinna verkefna. Hugtökin þykja að vissu leyti úrelt, ógagnsæ og villandi fyrir almenning og því er lagt til að þeim verði almennt skipt út fyrir sýslumann. Orðið „sýslumaður“ tekur til embættisins en ekki embættismannsins og því fellur starfsfólkið og sýslumaðurinn sjálfur þar undir. Dæmi um lögbundna starfstitla er „könnunarmaður“ á grundvelli hjúskaparlaga, „yfirlögráðandi“ á grundvelli lögræðislaga og „þinglýsingarstjóri“ á grundvelli þinglýsingalaga. Ljóst er að umrædd verkefni eru að jafnaði í höndum löglærðra fulltrúa og í nútímastjórnsýslu þykja engin sérstök rök styðja það að aðrir lögbundnir starfstitlar fylgi framkvæmd einstakra embættisverka.

Rétt er að geta þess að ekki er lagt til að fella brott lögbundna starfstitilinn „lögbókandi“ (notarius publicus) við framkvæmd sýslumanns og annarra á grundvelli laga um lögbókandagerðir. Ástæða þess er sú að lögbókandi er ekki aðeins innra embættisheiti sýslumanns við tiltekna framkvæmd í íslenskri stjórnsýslu heldur hefur hugtakið sjálfstæða réttarlega og sögulega merkingu. Lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um og getur haft þýðingu bæði innan lands og erlendis.

3.5. Umboðsmenn.

Í einstaka lögum er gert ráð fyrir að sýslumaður geti falið sérstökum umboðsmanni verkefni í málsmeðferðinni, sbr. t.d. í lögum um skipti á dánarbúum o.fl. og lögum um nauðungarsölu. Í frumvarpinu er lagt til að slík ákvæði verði felld brott þar sem þeim hefur ekki verið beitt í lengri tíma. Auk þess samræmast ákvæðin ekki hinu nýja skipulagi embættisins og hafa ekki lengur raunhæfa þýðingu þar sem starfsfólk sýslumanns verður staðsett um land allt. Slík ákvæði eiga rætur að rekja til eldri staðbundinnar framkvæmdar og þess að sýslumaður þurfti í ákveðnum tilvikum að hafa umboðsmenn í öðrum héruðum til að annast afmörkuð verk. Þetta fyrirkomulag átti rétt á sér áður fyrr þegar byggð var dreifðari um landið og samgöngur voru verri. Með einu embætti, fjölda starfsstöðva víðs vegar um landið, bættum samgöngum og byggðaþróun undanfarna áratugi, sem og innleiðingu rafrænnar og stafrænnar málsmeðferðar undanfarin ár, þykja ákvæði um sérstaka umboðsmenn ekki þjóna neinum tilgangi lengur.

Þrátt fyrir framangreint eru með frumvarpi þessu ekki lagðar til breytingar á lögum um hreppstjóra. Á grundvelli þeirra laga eru hreppstjórar umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Ekki þótti nauðsynlegt með hliðsjón af markmiðum þessa frumvarps að taka löggjöfina sem vísar til hlutverks hreppstjóra til endurskoðunar að svo stöddu.

3.6. Gjaldtökuheimildir.

Við vinnslu frumvarpsins voru tekin til skoðunar lagaákvæði um gjaldtöku og undanþágur frá gjaldtöku vegna þjónustu sýslumanns. Markmið breytinganna er að einfalda og samræma framsetningu gjaldtökuheimilda sýslumanns og undanþága frá gjaldtöku. Þróun síðustu ára hefur verið að samræma gjaldtökuheimildir sýslumannsembætta og halda þeim til haga á einum stað, þ.e. í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, frekar en að hafa jafnframt einstaka ákvæði í öðrum lagabálkum. Breytingatillögurnar eru fjórþættar. Þar sem þær falla ekki beint undir meginmarkmið frumvarpsins, sbr. umfjöllun í 2. kafla, þykir rétt að gera nánari grein fyrir þeim hér.

Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á 2. mgr. 8. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sbr. 95. gr. frumvarpsins. Eru lagðar til breytingar á framsetningu ákvæðisins með

því að telja upp í töluliðum allar undanþágur frá gjaldi fyrir þinglýsingu frekar en í efnismálsgrein. Að auki er lagt til að flytja fjögur ákvæði sem mæla fyrir um sömu undanþágur úr þinglýsingalögum, lögræðislögum og lögum um menningarminjar, sbr. 32. gr., 125. gr., 130. gr. og 199. gr. frumvarpsins. Eftir framangreinda breytingu verður því á einum stað fjallað um allar undanþágur frá gjaldi fyrir þinglýsingu. Þá eru lagðar til orðalagsbreytingar með því að fella brott einstaka tilvísanir í önnur lög til að gæta innbyrðis samræmis töluliðanna.

Með breytingu á 2. mgr. 8. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er lagt til að í 1. tölul. verði mælt fyrir um úrskurð um sviptingu sjálfræðis, fjárræðis eða hvort tveggja, úrskurð um brottnám lögræðissviptingar og skipunarbréf ráðsmanns. Er hér verið að vísa til skjala sem gefin eru út á grundvelli lögræðislaga, nr. 71/1997, og þarfnast þinglýsingar.

Í 2. tölul. verði mælt fyrir um skilmálabreytingu á verðtryggðum fasteignaveðlánum vegna greiðslujöfnunar samkvæmt lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána til einstaklinga, nr. 63/1985.

Í 3. tölul. verði mælt fyrir um yfirlýsingu sem felst í fyrirsvari jarða í sameign á grundvelli 7. gr. a jarðalaga, nr. 81/2004. Er í ákvæði jarðalaga vísað til þess að tilkynningu sameigenda um fyrirsvarsmann jarðar skuli þinglýst sem og tilnefningu sýslumanns um fyrirsvarsmann, svo og breytingu á fyrirsvarsmönnum.

Í 4. tölul. verði mælt fyrir um eignarheimildir í tengslum við andlát sem viðkemur hluta dánarbúsmála hjá sýslumanni, þ.e. búsetuleyfi og erfðaskiptayfirlýsingu. Sýslumaður gefur út leyfi til setu í óskiptu búi (búsetuleyfi) á grundvelli erfðalaga, nr. 8/1962. Þá er erfðaskiptayfirlýsing gefin út á grundvelli laga um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991.

Í 5. tölul. verði mælt fyrir um fjárnám, kyrrsetningu og löggeymslu sem eru fullnustugerðir sem sýslumaður annast, annars vegar á grundvelli laga um aðför, nr. 90/1989, og hins vegar laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990.

Í 6. tölul. verði mælt fyrir um skjöl sem staðfesta að eign hafi verið seld nauðungarsölu (nauðungarsöluyfirlýsing), staðfesta upphaf gjaldþrotaskipta (gjaldþrotaúrskurður) og opinberra skipta (úrskurður um opinber skipti). Í 1. málsl. 3. mgr. 25. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, er kveðið á um skyldu sýslumanns til að gera ráðstafanir í fasteignabók sé eign seld nauðungarsölu og er nauðungarsöluyfirlýsingu þinglýst í því skyni. Þá er í 2. málsl. ákvæðisins lögð hliðstæð skylda á skiptastjóra við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta.

Í 7. tölul. verði mælt fyrir um skjöl sem fela í sér kvaðir vegna friðlýsingar menningarminja og minningarmarka á grundvelli laga um menningarminjar, nr. 80/2012. Á grundvelli þeirra laga gefur Minjastofnun Íslands út slík skjöl.

Í 8. tölul. verði mælt fyrir um yfirlýsingu sem sýslumaður gerir skv. 6. mgr. 12. gr. laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, nr. 50/2009, og þinglýst er á fasteign.

Í öðru lagi er lagt til með sömu rökum og að framan greinir að ákvæði um undanþágu frá stimpilgjaldi vegna skjala sem gefin eru út vegna framkvæmdar á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 verði fellt inn í 6. gr. laga um stimpilgjald, nr. 138/2013, sbr. 200. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lagt til að til viðbótar við gjöld fyrir skráningu kaupmála skv. 12. tölul. 13. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991 komi „breyting og afturköllun“, sbr. 96. gr. frumvarpsins. Með því er verið að eyða öllum vafa um að innheimta eigi gjöld í öllum framangreindum tilvikum, enda séu formskilyrði við skráningu í grunninn þau sömu.

Í fjórða lagi er lagt til að fella brott 4. mgr. 12. gr. laga um handiðnað, nr. 42/1978 sem vísar til þess að greiða skuli gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir meistarabréf og sveinsbréf, sbr. 46. gr. frumvarpsins. Gjaldtaka vegna slíkra bréfa er þegar leidd af lögum um aukatekjur ríkissjóðs og því ekki talin þörf á sérstakri tilvísun í sérlögum. Með sömu rökum er lagt til að fella brott 4. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga um dómstóla og skjalaþýðendur, nr. 148/2000, sbr. 152. gr. frumvarpsins.

3.7. Tæknilega hlutlaust orðalag.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar sem miða að því að gera málsmeðferð í ríkari mæli tæknilega hlutlausa um þau efni og þá tækni sem nýtt er hverju sinni. Með því skapast betri forsendur til að nýta stafræna og rafræna tækni í auknum mæli við málsmeðferð. Við gerð frumvarpsins hefur að þessu leyti verið höfð hliðsjón af frumvarpi dómsmálaráðherra sem lagt var fram á 157. löggjafarþingi 2025–2026 (231. mál) og varð að lögum um stafræna og rafræna málsmeðferð hjá sýslumönnum og dómstólum, nr. 22/2026. Til samræmis er að meginstefnu horfið frá því að eintakafjöldi gagna og undirritun með eigin hendi séu áskilin lögum samkvæmt. Með eintakafjölda er átt við að lagaákvæði áskilja t.d. „afrit“, „endurrit“, „ljósrit“ o.s.frv. Í þeim efnum þykir orðið „eintak“ í flestum tilvikum vera samheiti orða sem í gildandi löggjöf vísa til pappírs án þess að frumrit, eftir atvikum á pappír eða stafrænu formi, sé látið af hendi, en einnig þykir mega nota orðið „eintak“ yfir þá aðstöðu að gagni sé miðlað til viðtakanda um stafrænt viðmót, en samtímis varðveitt hjá þeim sem veitir þann aðgang. Í þeim tilvikum þar sem ekki er talin þörf á eða rétt að nota orðið eintak, sbr. framkvæmd þinglýsinga, eru ekki lagðar til breytingar í þá veru. Þá er lagt til að fest verði ákvæði í lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl., sbr. 63. gr. frumvarpsins, sem taki af öll tvímæli um að stafræn og rafræn málsmeðferð samkvæmt lögunum sé jafngild því að hún fari fram á pappír, til samræmis við ákvæði sem þegar hafa verið lögfest í erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu, sbr. lög um breytingu á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum, nr. 22/2026.

Auk framangreinds eru lagðar til nokkrar smávægilegar orðalagsbreytingar á einstaka ákvæðum annarra laga sem þykja betur lýsa tæknilega hlutlausri málsmeðferð og er þannig ætlað að styðja við innleiðingu stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar.

Þar sem breytingar á framangreindum lagabálkum auk breytinga á barnalögum víkja að vissu leyti frá markmiðum þessa frumvarps, sbr. umfjöllun í 2. kafla, er tilefni til að gera nánari grein fyrir þeim breytingum hér á eftir.

3.7.1. Þinglýsingalög.

Í 15.–44. gr. frumvarpsins eru lagðar til margþættar breytingar á þinglýsingalögum, nr. 39/1978, sem styðja stafræna þróun og rafrænar þinglýsingar. Breytingarnar miða að því að gera málsmeðferðina í ríkari mæli hlutlausa um þau efni og þá tækni sem nýtt er hverju sinni við framkvæmd þinglýsinga. Í ljósi þess að málsmeðferðarreglur og venjur í framkvæmd eru rótgrónar og miðast við að gögn séu afhent og varðveitt hjá sýslumanni á ákveðnu pappírsformi, þ.e. löggiltum skjalapappír, þykir þörf á að fjalla sérstaklega um þær breytingar.

Lagt er til að fella brott ákvæði um fjölda eintaka skjala, tvírit, endurrit, samrit og verður því aðeins gert ráð fyrir framlagningu frumrits við þinglýsingu. Þannig er í 20. gr. frumvarpsins lagt til að áskilnaður um tiltekið pappírsform og eintakafjölda gagna verði felldur brott og að einungis verði krafist afhendingar á eintaki skjals í frumriti. Er í ákvæðinu jafnframt lagt til að fella brott áskilnað um að það eintak sem þinglýsingarstjóra er ætlað til varðveislu sé

ritað á löggiltan skjalapappír. Gildandi þinglýsingalög leystu af hólmi lög um þinglýsingu skjala og aflýsingu, nr. 30/1928, þar sem fyrst var kveðið á um slíkan pappír. Á þeim tíma þótti mikilvægt að pappírinn væri góður ef veðmálabækur ættu að þjóna tilgangi sínum og geymast lengi. Þar sem framkvæmdin hefur breyst og gögnin eru varðveitt á rafrænu formi, þykja framangreind rök ekki eiga lengur við. Þess má geta að breytingin sem nú lögð er til á þinglýsingalögum er í samræmi við þá þróun sem þegar hefur orðið í réttarfarslöggjöf þar sem felld var brott krafa um löggiltan skjalapappír í 2. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með lögum nr. 53/2024.

Jafnframt eru lagðar til breytingar á 10. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 25. gr. frumvarpsins, þar sem horfið er frá ítarlegum sérreglum um vistun og varðveislu þinglýstra skjala hjá embætti sýslumanns. Lagt er til að ákvæðin verði felld brott og í staðinn kveðið á um að þau eintök þinglýstra skjala sem sýslumaður heldur eftir skuli geymd í samræmi við gildandi reglur og lög um skjalavörslu opinberra aðila. Í framkvæmd þarf að tryggja að þinglýsingakerfið og meðferð mála sé skipulagt þannig að skráning réttinda í þinglýsingabók sé á hverjum tíma örugg, rekjanleg og samræmd þvert yfir landið. Þykir breytingin tryggja að þinglýsingar verði samræmdar um land allt innan sameinaðs embættis sýslumanns og að löggjöfin hamli ekki áframhaldandi þróun rafrænna þinglýsinga. Breytingarnar sem hér eru lagðar til endurspegla þá framþróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár í íslenskri stjórnsýslu. Ljóst er að sérákvæði í lögum um vörslu tiltekinna gagna er ekki lengur forsenda réttaröryggis, enda er hægt að tryggja varðveislu og rekjanleika gagna á annan hátt eftir almennum reglum. Til samræmis er lögð til breyting á 5. gr. og h-lið 2. mgr. 6. gr. þinglýsingalaga, sbr. 20. og 21. gr. frumvarpsins.

Að auki er lagt til að heimilt verði að birta tilkynningar sýslumanns í stafrænu pósthólfi í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda, sbr. 22. gr. og 33. gr. frumvarpsins. Í ljósi þess að mikil eftirspurn er hjá almenningi eftir stafrænum lausnum og þær þykja ótvírætt leiða til bættrar þjónustu og hagræðingar í ríkisrekstri, þykir mikilvægt að gera viðhlítandi breytingar á lögunum til samræmis við áherslur í stefnu stjórnvalda um stafræna þjónustu hins opinbera (Stafrænt Ísland) frá 2021.

3.7.2. Lög um kyrrsetningu, lögbann o.fl.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjórar nýjar málsgreinar bætist við 1. gr. laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, sbr. 63. gr. frumvarpsins, sem leggi stafræna og rafræna málsmeðferð samkvæmt lögunum að jöfnu við málsmeðferð sem miðast við pappír. Ákvæðin eru sambærileg þeim sem þegar hafa verið lögfest í erfðalögum, lögum um aðför, lögum um skipti á dánarbúum o.fl., lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um nauðungarsölu, sbr. lög um breytingu á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum, nr. 22/2026. Verði frumvarpið að lögum verður almennt jafngilt að beiðni um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann, tilkynningar og önnur gögn berist á milli þeirra sem aðkomu eiga að málum sem rekin eru samkvæmt lögunum á hvern þann máta sem ákvæðið heimilar. Þá er lagt til að rafræn staðfesting verði lögð að jöfnu við undirritun með eigin hendi. Þar sem ákvæðið gerir ráð fyrir að fleiri en ein tæknilausn komi til greina fyrir staðfestingu, miðlun og frágang gagna, til viðbótar hefðbundinni málsmeðferð á pappír, og fyrirséð er að ein tæknilausn henti ekki öllum einstaklingum jafn vel, er lögð áhersla á að sýslumaður leiðbeini málsaðilum eftir því sem tilefni er til. Þar sem um er að ræða heimildarákvæði þykir rétt að árétta að heimildum verði beitt í samræmi við ákvæði viðeigandi laga og reglna, þar á meðal um miðlun og vistun persónuupplýsinga. Bent er á að ákvæðið leysir ekki sýslumann undan þeirri skyldu að meta áhrif á persónuvernd og rafræna vöktun í skilningi laga um

persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þannig að vinnslan fari fram í málefnalegum tilgangi og að uppfylltum skilyrðum þeirra laga.

Í öðru lagi er lagt til að í 2. mgr. 1. gr. laganna verði kveðið á um að heimilt sé að miðla á rafrænu eða stafrænu formi beiðni um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann, tilkynningu eða öðru gagni sem á grundvelli laganna sé afhent eða sent á milli þeirra sem aðkomu eigi að máli, enda leiki ekki vafi á uppruna þess eða frá hverjum það stafi. Megintilgangur þessarar heimildar er að kveða á um það í lögunum að rafræn og stafræn gögn og tilkynningar séu jafngildar þeim sem berast á milli hlutaðeigandi á pappír, án þess þó að leggja bann við notkun pappírs. Ætlunin er ekki að mæla fyrir um breytingu á réttarfari sem slíku heldur að heimila annan afhendingarmáta og form hvers kyns gagna og tilkynninga við málsmeðferð samkvæmt lögunum en á pappír. Þannig er lagður grunnur að því að unnt verði að nýta þær tæknilausnir sem nú er völ á í ríkari mæli við meðferð mála samkvæmt lögunum, hvort heldur er við meðferð mála hjá sýslumanni eða dómstólum. Með „þeim sem aðkomu eiga að máli“ á grundvelli laganna er til að mynda átt við sýslumann og starfsfólk hans, lögmenn, dómara og starfsfólk dómstóla, málsaðila, vitni eða hvern þann annan sem málsmeðferð laganna tekur til hverju sinni. Þá skal einnig einu gilda við beitingu heimildarinnar hvort um sé að ræða skriflegt, áritað, staðfest, vottað eða undirritað gagn eða tilkynningu, og jafnframt hvort tilkynningu eða gagni sé beint að viðtakanda í frumriti, afriti, eftirriti eða endurriti eða annars konar riti. Í öllum tilvikum sé staf- og rafrænt form jafngilt pappír, enda leiki ekki vafi á uppruna tilkynningar eða gagns eða frá hverjum það stafi. Hér verður þó eftir sem áður að gera þá kröfu að sýslumaður geti ákveðið að frumrit gagna verði lögð fram við meðferð máls. Með hliðsjón af markmiðum rafrænnar og stafrænnar málsmeðferðar er gert ráð fyrir að sýslumaður krefjist aðeins frumrits gagna í undantekningartilvikum þegar slíkt er metið nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málið varðar.

Í þriðja lagi er lagt til að í 3. mgr. 1. gr. laganna verði kveðið á um að þegar lögin eða venja áskilji áritun, undirritun, staðfestingu eða vottun sé heimilt að fullnægja þeim áskilnaði með rafrænni staðfestingu. Hér er ekki ætlunin að binda tiltekna aðferð við rafræna staðfestingu í lög heldur er miðað að því að draga úr óþarfa undirritunum og áritunum með eigin hendi, hverju nafni sem þær nefnast, þegar unnt er að staðfesta með rafrænni auðkenningu, öruggri innskráningu á vef eða öðrum viðurkenndum tæknilausnum frá hverjum tilkynning eða gagn stafar. Til samræmis við fyrirætlan um jafngilda málsmeðferð er vert að árétta að um heimild til rafrænna staðfestinga er að ræða og því verður eftir sem áður unnt að staðfesta ýmis gögn með því að undirrita þau með eigin hendi. Hvað varðar rafræna staðfestingu kann til að mynda í sumum tilvikum að vera nægjanlegt að mynd af undirritun með eigin hendi sé notuð til staðfestingar á skjali eða tilkynning eða eintak gagns sé sent úr tölvupóstfangi sem þekkt er eða staðfest á öðrum vettvangi að sendandinn notar. Í öðrum tilvikum kann þó að þurfa að gera ríkari kröfur til rafrænna staðfestinga, svo sem eftir mikilvægi og réttaráhrifum sem við þær eru bundnar.

Í fjórða lagi er lagt til að í nýrri 4. mgr. 1. gr. laganna verði kveðið á um að beiðni um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann, tilkynning eða annað gagn sem miðlað er rafrænt eða stafrænt á grundvelli ákvæðisins teljist að meginstefnu komið til viðtakanda þegar það er aðgengilegt þannig að unnt sé að kynna sér efni þess. Um undantekningar frá reglunni fer samkvæmt lögum um aðför, nr. 90/1989, sbr. 4. mgr. 8. gr. laganna.

Í fimmta lagi er í nýrri 5. mgr. 1. gr. laganna lagt til að kveðið verði á um að ráðherra mæli nánar fyrir um framkvæmd ákvæðisins um meðferð mála hjá sýslumanni með reglugerð. Með því er ætlunin að útfæra nánar hvaða kröfur verði gerðar til rafrænnar staðfestingar. Horft er til þess að unnt verði að gera ólíkar kröfur eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni og haft í

huga að í sumum tilvikum geti til að mynda fullgild rafræn auðkenning verið óþörf eða jafnvel of kostnaðarsöm, en í öðrum tilvikum geti slík auðkenning verið talin nauðsynleg. Að því er varðar form, frágang og afhendingarmáta gagna er stefnt að samræmi innan embættis sýslumanns við meðferð beiðna um kyrrsetningu, löggeymslu eða lögbann og annarra tengdra gagna. Gert er ráð fyrir að í reglugerð verði nánar lýst þeim hugbúnaðarlausnum sem notaðar verða við til að tryggja örugga leið fyrir afhendingu gagna til sýslumanns, svo sem vefviðmótum eða öðrum sérstökum hugbúnaðarlausnum. Með því er ætlunin að stuðla að einfaldari stjórnsýslu, samræmdu verklagi innan embættisins og tryggja að innsend gögn berist skilvirkt á réttan stað í gegnum þær tæknilausnir sem innleiddar hafa verið fyrir málsmeðferðina. Þar sem þarfir almennings eru mismunandi og ein tæknilausn hentar ekki endilega öllum samfélagshópum er gert ráð fyrir að með reglugerð verði einnig kveðið á um aðrar tæknilausnir eða leiðir fyrir afhendingu gagna til að tryggja að sem flestir geti nýtt sér stafræna og rafræna málsmeðferð sýslumanns.

3.7.3. Barnalög.

Lagðar eru til breytingar á 76. gr. barnalaga, nr. 76/2003, sbr. 166. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til að fella brott áskilnað um að úrskurður skuli vera undirritaður. Breytingin mun leiða til þess að sýslumaður geti útfært nánar hvernig úrskurðurinn verður staðfestur, allt eftir tilefni og nauðsyn hverju sinni, frekar en að halda sig við rafræna undirskrift í samræmi við áskilnað 1. mgr. 38. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þykir breytingin jafnframt betur samræmast sjónarmiðum um tæknilega hlutlaust orðalag og málsmeðferð. Verði breytingin að lögum mun sýslumaður geta ákveðið hvaða tækni skuli beita hverju sinni við frágang úrskurðar.

3.8. Aðrar orðalags- og samræmingarbreytingar.

Þá eru lagðar til ýmsar smávægilegar orðalagsbreytingar á lagaákvæðum, einkum þar sem breytt orðalag þykir skýrara og núgildandi orðalag úrelt. Einnig þótti sérstakt tilefni til að fella brott eldri embættisheiti sem láðst hafði að breyta þegar sýslumannsembættum var fækkað úr 24 í níu við gildistöku laga um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014. Auk þess er lagt til að einstaka ákvæði verði felld brott sem enga þýðingu hafa í dag og endurspegla því ekki raunverulega framkvæmd. Er hér gerð grein fyrir þeim breytingum sem þykja kalla á sérstakar skýringar.

3.8.1. Þinglýsingalög, nr. 39/1978 o.fl.

Lagt er til að 42. gr. þinglýsingalaga, nr. 39/1978, falli brott, sbr. 36. gr. frumvarpsins, þar sem ákvæðið þjónar ekki lengur tilgangi og enn síður eftir að lög um sýslumann hafa tekið gildi. Rétt er að geta þess að nafnabreytingar á skipum sem falla undir V. kafla laganna fara ekki lengur fram hjá embætti sýslumanns og því er tímabært að fella ákvæðið brott.

Þá er lagt til að gera orðalagsbreytingar á a-lið 49. gr. þinglýsingalaga, sbr. b-lið 41. gr. frumvarpsins. Markmið breytinganna er að skerpa á orðalagi ákvæðisins með því að fella brott tilvísun til þinglýsingarvottorðs og málalengingar um hvað veðbókarvottorð sé. Með breytingunum mun veðbókarvottorð sýslumanns standa eitt eftir í lögum, til samræmis við gildandi framkvæmd, en veðbókarvottorð er formlegt skjal sem sýslumaður gefur út um tiltekna eign, unnið með vélrænni uppflettingu úr þinglýsingabók embættisins. Vottorðið veitir yfirlit yfir þinglýsta eigendur eignar og önnur þinglýst réttindi, svo sem kvaðir hvers konar og óbein eignarréttindi eins og forkaupsrétt og veðréttindi. Þótti mikilvægt við yfirferð laganna að leggja til þessa breytingu til að árétta að útgáfu sérstakra þinglýsingarvottorða hefur verið hætt og því er veðbókarvottorð eina formlega vottorðið sem gefið er út um réttindi yfir tiltekinni

eign. Sömu sjónarmið eiga við um þá breytingu sem lögð er til á 16. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, sbr. 156. gr. frumvarpsins. Er þar lagt til að orðunum „vottorð þinglýsingarstjóra“ verði skipt út fyrir „veðbókarvottorð sýslumanns“. Tilefni breytingarinnar er að láta ákvæðið endurspegla betur raunverulega framkvæmd sýslumanns ásamt því að árétta hvaða vottorð um ræðir þegar vísað er til vottorða sýslumanns.

3.8.2. Hjúskaparlög, nr. 31/1993.

Lagt er til að fella brott ákvæði um allsherjarskrá kaupmála, þar sem skráin verður óþörf þegar á landinu öllu verður aðeins ein kaupmálabók, sbr. 114. gr. frumvarpsins.

3.8.3. Lögræðislög, nr. 71/1997.

Lagðar eru til breytingar á 3. mgr. 14. gr. lögræðislaga, nr. 71/1997, sbr. 125. gr. frumvarpsins, sem þjóna þeim tilgangi að tryggja að sýslumaður hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta brugðist við sviptingum í samræmi við kröfur laganna. Þar sem í 125. gr. frumvarpsins er lagt til að 2. og 3. málsl. 3. mgr. falli brott þarf að tryggja að aðrar upplýsingar séu jafnframt sendar sýslumanni vegna málsmeðferðar sem tekur við í kjölfar málsmeðferðar dómstóla.

Þá er lagt til að ákvæði sem kveða á um hlutverk Þjóðskrár Íslands við að halda skrá um lögræðissvipta menn, ráðsmenn og skjólstæðinga þeirra og skipaða lögráðamenn, sbr. 6. mgr. 14. gr., 3. mgr. 40. gr. og 2. mgr. 57. gr., verði felld brott, sbr. e-lið 125. gr., e-lið 130. gr. og c-lið 137. gr. frumvarpsins. Er þetta lagt til af þeirri ástæðu að ákvæðin eru úrelt þar sem sýslumaður heldur nú þegar umræddar skrár á grundvelli 3. mgr. 82. gr. laganna.

Þá er og lagt til að lagaákvæði sem mæla fyrir um tilkynningar og staðfestingar til ráðuneytisins um úrskurði, skipanir og lausnir skv. 4. mgr. 16. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 57. gr. laganna verði felld brott, sbr. a-lið 126. gr., b-lið 130. gr., a-lið 135. gr. og b-lið 137. gr. frumvarpsins. Ástæðan er sú að ákvæðin þjóna ekki lengur tilgangi sínum þar sem miðlæg skrá sem sýslumaður heldur á grundvelli 3. mgr. 82. gr. laganna hefur komið í staðinn fyrir utanumhald ráðuneytisins.

Loks eru lagðar til smávægilegar orðalagsbreytingar, má þar einkum nefna 2. málsl. 4. mgr. 16. gr. laganna, sbr. b-lið 126. gr. frumvarpsins.

3.8.4. Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004.

Lagðar eru til breytingar á tveimur ákvæðum laga um erfðafjárskatt, nr. 14/2004. Annars vegar er í 170. gr. frumvarpsins lagt til að 2. málsl. 2. mgr. b-liðar 3. mgr. 4. gr. laganna falli brott þar sem ákvæðið áskilur að matsgjörð sem fylgir erfðafjárskýrslu megi ekki vera eldri en fjögurra vikna gömul. Tilefni breytinganna er að samræma málsmeðferðarregluna við þær reglur sem gilda samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991. Hins vegar eru lagðar til orðalagsbreytingar á 6. gr. laganna, sbr. 171. gr. frumvarpsins. Er lagt til að vísað verði til þess að þrjú síðustu skattframtöl arfleifanda skuli „liggja fyrir“ í stað „fylgja“ erfðafjárskýrslu og að vísað verði til sýslumanns í stað sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

3.8.5. Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á tveimur ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007. Annars vegar eru lagðar til breytingar til samræmis við ákvæði skipalaga, sbr. b-lið 187. gr. frumvarpsins. Með breytingu á 2. mgr. 9. gr. laganna er ætlunin að árétta að heimahöfn skipsins þurfi að vera skráð á Íslandi ef sækja á um slíkt rekstrarleyfi til leyfisveitanda, þ.e. sýslumanns. Hins vegar eru lagðar til breytingar á 4. mgr. 10. gr.

laganna, sbr. 188. gr. frumvarpsins, til áréttingar á því að í ákvæðinu er ekki verið að vísa til umdæmis leyfisveitanda heldur umsagnaraðila sem taldir eru upp í ákvæðinu.

3.8.6. Lög um útlendinga, nr. 80/2016.

Lögð er til orðalagsbreyting á 1. málsl. 60. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, sbr. 207. gr. frumvarpsins, þannig að vísað verði til starfsstöðvar sýslumanns utan höfuðborgarsvæðisins í stað utan Reykjavíkur. Tillagan felur ekki í sér breytingar á núverandi framkvæmd og því verður áfram ekki gert ráð fyrir að viðkomandi gefi sig fram á starfsstöð sýslumanns á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi mun áfram standa til boða að leita á starfsstöð sýslumanns á landsbyggðinni en með því er horft til 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, varðandi það hvaða sveitarfélög teljist til höfuðborgarsvæðisins í því samhengi.

3.8.7. Lög um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019 o.fl.

Lagðar eru til breytingar á lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, og fjórum öðrum lögum á sviði skattamála til samræmis við sameiningu sýslumannsembætta í eitt embætti. Breytingarnar eru nauðsynlegar þar sem gildandi ákvæði um hlutverk og verkaskiptingu innheimtumanna ríkissjóðs byggjast á því að sýslumannsembættin séu fleiri en eitt og fari hvert með innheimtu í sínu umdæmi, utan höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt lögum um sýslumann, nr. 9/2026, verður landið eitt umdæmi sýslumanns og starfsemi embættisins fer fram um land allt. Í f-lið 2. gr. laganna er innheimta opinberra gjalda jafnframt tilgreind meðal hlutverka sýslumanns, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Samkvæmt gildandi 2. mgr. 3. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, fer ríkisskattstjóri með innheimtu í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu en sýslumenn í öðrum umdæmum. Við sameiningu sýslumannsembættanna verður ekki lengur unnt að byggja þessa verkaskiptingu á umdæmum einstakra sýslumanna. Án lagabreytinga gæti því skapast óvissa um afmörkun innheimtuheimilda ríkisskattstjóra og sýslumanns, einkum þar sem umdæmi hins sameinaða embættis mun ná til landsins alls.

Með breytingunum er lagt til að skýrt verði kveðið á um að ríkisskattstjóri fari áfram með innheimtu opinberra skatta og gjalda á höfuðborgarsvæðinu en sýslumaður utan þess, sbr. b-lið 212. gr. frumvarpsins. Við afmörkun höfuðborgarsvæðisins er miðað við 2. mgr. 22. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010. Með þessari útfærslu er núverandi verkaskipting innheimtumanna ríkissjóðs varðveitt þrátt fyrir breytta umdæmaskipan sýslumanns. Ekki er því gert ráð fyrir að innheimtuverkefni færist milli ríkisskattstjóra og sýslumanns vegna sameiningarinnar, heldur er lagagrundvöllur fyrir áframhaldandi framkvæmd verkefnanna skýrður.

Þá eru einnig lagðar til breytingar á öðrum ákvæðum 3. gr. laga nr. 150/2019, sbr. 212. gr. frumvarpsins, sem lúta að hlutverki ríkisskattstjóra gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs og heimildum ráðherra til að ákveða fyrirkomulag innheimtu. Ríkisskattstjóri fer samkvæmt lögunum með stefnumótunar-, samræmingar- og eftirlitshlutverk á sviði innheimtu opinberra gjalda, auk umsjónar með þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnsýslu. Breytingarnar miða að því að laga orðalag ákvæðisins að því að sýslumaður verði einn innheimtumaður ríkissjóðs utan höfuðborgarsvæðisins í stað fleiri embætta. Þá er ráðherra áfram ætlað svigrúm til að ákveða annað fyrirkomulag innheimtu á grundvelli reglugerðarheimildar laganna. Samhliða eru lagðar til breytingar á 19. gr. laga nr. 150/2019, sbr. 213. gr. frumvarpsins, um upplýsingagjöf og aðgang að gögnum vegna innheimtu. Þar eru tilvísanir til annarra innheimtumanna ríkissjóðs og sýslumanna í fleirtölu lagaðar að hinni nýju skipan. Breytingarnar miða að því að tryggja áframhaldandi upplýsingamiðlun milli ríkisskattstjóra og sýslumanns

og að sýslumaður hafi eftir sem áður aðgang að þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna lögbundinna innheimtuverkefna hans.

Til samræmis við framangreindar breytingar eru einnig lagðar til breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, og lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003. Breytingarnar lúta einkum að því að tilvísanir til annarra innheimtumanna ríkissjóðs verði skýrðar og samræmdar þannig að þær taki til sýslumanns. Með því er tryggt að ákvæði um eftirlit, upplýsingagjöf, miðlun niðurstaðna álagningar og skattbreytinga og framkvæmd innheimtu endurspegli nýja skipan sýslumannsembættisins.

Breytingarnar sem lagðar eru til á lögum á sviði skattamála eru þannig fyrst og fremst afleiðing sameiningar sýslumannsembætta og hafa það að markmiði að tryggja skýra og samræmda lagastoð fyrir áframhaldandi innheimtu opinberra skatta og gjalda. Þær fela ekki í sér breytingar á efnislegum reglum um álagningu skatta, greiðsluskyldu gjaldenda eða innheimtuúrræði, heldur er ætlunin að aga ákvæði um hlutverk, verkaskiptingu og samskipti innheimtumanna ríkissjóðs að nýrri skipan sýslumanns, sem tekur gildi 1. janúar 2027.

3.8.8. Kosningalög, nr. 112/2021.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á kosningalögum, nr. 112/2021, sem miða að því að laga framkvæmd utan kjörfundar að sameiningu sýslumannsembætta í eitt embætti. Breytingarnar lúta einkum að hlutverki sýslumanns sem kjörstjóra, aðgengi kjósenda að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á kjördag og meðferð atkvæðisbréfa. Við útfærslu breytinganna sem lagðar eru til hefur verið lögð áhersla á að ný umdæmaskipan sýslumanns leiði ekki til skerðingar á aðgengi kjósenda að atkvæðagreiðslu eða raski öryggi við framkvæmd kosninga.

Samkvæmt gildandi 2. mgr. 68. gr. kosningalaga skal sýslumaður tryggja að unnt sé að greiða atkvæði utan kjörfundar á að minnsta kosti einum kjörstað í umdæmi hans í að lágmarki fjórar klukkustundir á kjördag. Ákvæðið byggist þannig á því að landinu sé skipt í níu umdæmi sýslumanna og að hver sýslumaður beri ábyrgð á að tiltekið lágmarksframboð þjónustu sé fyrir hendi innan síns umdæmis. Þegar landið verður eitt umdæmi sýslumanns getur sú regla ekki staðið óbreytt, enda myndi tilvísun til eins kjörstaðar í umdæmi sýslumanns ekki lengur tryggja sambærilega landfræðilega dreifingu þjónustunnar og gildandi ákvæði miðar að. Í 219. gr. frumvarpsins er því lagt til að breyta 2. mgr. 68. gr. kosningalaga þannig að sýslumanni verði skylt að tryggja að á kjördag sé unnt að greiða atkvæði utan kjörfundar á nægilegum fjölda kjörstaða um land allt, þannig að tryggt sé sem jafnast aðgengi kjósenda að atkvæðagreiðslu, óháð búsetu. Með breytingunni er horfið frá því að binda skyldu sýslumanns við tiltekin umdæmamörk og í staðinn lögð áhersla á það markmið ákvæðisins að tryggja raunhæft aðgengi kjósenda að utankjörfundaratkvæðagreiðslu á kjördag. Breytingin er jafnframt í samræmi við a-lið 2. gr. laga um sýslumann, nr. 9/2026, þar sem meðal hlutverka sýslumanns er að stuðla að jöfnu aðgengi að þjónustu óháð búsetu og að skipulag þjónustunnar taki mið af þörf íbúa fyrir staðbundna þjónustu. Þótt framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu lúti sérstökum reglum kosningalaga þykir eðlilegt að sama grundvallarsjónarmið um jafnt aðgengi liggi til grundvallar skipulagi hennar. Með breytingunni sem lögð er til er sýslumanni veitt svigrúm að ákveða nánara fyrirkomulag atkvæðagreiðslu, m.a. fjölda og staðsetningu kjörstaða, með hliðsjón af búsetudreifingu, fjarlægðum, samgöngum og öðrum staðbundnum aðstæðum. Svigrúmið er þó ekki án takmarka, enda felur ákvæðið í sér sjálfstæða skyldu til að tryggja nægilegt framboð þjónustu og sem jafnast aðgengi kjósenda óháð búsetu. Við mótun breytinganna var jafnframt horft til þess að gildandi ákvæði felur í sér tiltekið lágmark

um opnunartíma kjörstaða. Í ljósi athugasemda og samráðs við landskjörstjórn og sýslumann var ákveðið að leggja áherslu á lögbundna skyldu til að tryggja nægilegt aðgengi fremur en að viðhalda föstu tímamarki. Með því er leitast við að tryggja svigrúm til að skipuleggja þjónustuna eftir aðstæðum hverju sinni. Ekki er því gert ráð fyrir að sameining sýslumannsembætta verði tilefni til að draga úr aðgengi að atkvæðagreiðslu utan kjörfundar á kjördag.

Þá eru lagðar til breytingar á 1. mgr. 76. gr. kosningalaga, sbr. 221. gr. frumvarpsins, sem varða skil utankjörfundaratkvæða og notkun venjulegra atkvæðakassa hjá kjörstjóra. Í stað þess að miða rétt kjósanda til að leggja atkvæðisbréf sitt í slíkan kassa við umdæmi sýslumanns verði áfram miðað við það kjördæmi þar sem kjósandi er á kjörskrá við alþingiskosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslu, en við sveitarfélag hans við sveitarstjórnarkosningar. Með því verði viðeigandi tengsl við kjörskrá, talningu og afhendingu atkvæðisbréfa varðveitt þótt sýslumannsumdæmin sameinist.

Bent hefur verið á að afmörkunin við kjördæmi eða sveitarfélag megi ekki leiða til óþarflega takmarkandi framkvæmdar á kjörstöðum þar sem kjósendur úr fleiri en einu kjördæmi eða sveitarfélagi greiða atkvæði. Sérstaklega á það við á höfuðborgarsvæðinu, sem skiptist í þrjú alþingiskjördæmi: Reykjavíkurkjördæmi norður, Reykjavíkurkjördæmi suður og Suðvesturkjördæmi. Á kjörstað í Kópavogi, sem er í Suðvesturkjördæmi, getur því verið þörf á að hafa einnig venjulega atkvæðakassa fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmin. Sama sjónarmið getur réttlætt að kjörstaður á höfuðborgarsvæðinu bjóði upp á atkvæðakassa fyrir önnur kjördæmi landsins, verði unnt að tryggja örugg og tímanleg skil atkvæðisbréfanna.

Lagt er til að kjörstjóra verði heimilt að ákveða að á kjörstað standi kjósanda til boða að setja atkvæðisbréf sitt í venjulegan atkvæðakassa fyrir það kjördæmi eða sveitarfélag þar sem hann er á kjörskrá, þótt hann greiði atkvæði í öðru kjördæmi eða sveitarfélagi. Um er að ræða heimild, en ekki almenna skyldu til að hafa kassa fyrir öll kjördæmi eða sveitarfélög á hverjum kjörstað. Við ákvörðunina þarf að taka mið af aðstæðum á kjörstað, móttöku, flokkun, varðveislu, innsiglun og afhendingu atkvæðisbréfa og því að þau berist réttum kjörstjórnum innan lögbundinna tímamarka. Eðlilegt er að kjörstjóri hafi við undirbúning slíks fyrirkomulags samráð við hlutaðeigandi yfirkjörstjórn eða yfirkjörstjórnir eftir því sem við á. Ekki er þó gert ráð fyrir að slíkt samráð verði sjálfstætt lögbundið skilyrði fyrir ákvörðun kjörstjóra.

Breytingarnar á kosningalögum eru þannig fyrst og fremst nauðsynlegar afleiðingar sameiningar sýslumannsembætta. Þær miða jafnframt að því að tryggja að framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar verði áfram örugg, fyrirsjáanleg og aðgengileg kjósendum um land allt. Ekki er með frumvarpinu ráðist í heildarendurskoðun á fyrirkomulagi utankjörfundaratkvæðagreiðslu, enda stendur nú yfir sérstök vinna þess efnis á öðrum vettvangi. Breytingarnar eru því afmarkaðar við það sem talið er nauðsynlegt til að laga löggjöfina að hinu nýja embætti sýslumanns, án þess að raska meginreglum kosningalaga um framkvæmd og öryggi kosninga.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið þykir ekki fela í sér álitaefni sem kalla á sérstaka umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Önnur grundvallarlöggjöf sem tekið hefur verið tillit til við gerð frumvarpsins eru stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir sýslumenn og starfsfólk sýslumannsembættanna, dómstóla, stjórnvöld sem eiga samskipti við sýslumann eða fara með yfirstjórn og/eða framkvæmd verkefna sem skarast á við verkefni sýslumanns, Samband íslenskra sveitarfélaga og almenning.

Við undirbúning frumvarpsins var haft samráð við Sýslumannaráð og fagráð sýslumannsembætta. Þá var við undirbúning byggt á þeirri stefnumótun sem lá að baki lögum um sýslumann, nr. 9/2026. Var sérstaklega horft til þess að breytingarnar snerta fjölbreytt málefnasvið og framkvæmd hjá mörgum ríkisaðilum.

Drög að frumvarpinu voru birt í samráðsgátt stjórnvalda 28. ágúst 2026 og var umsagnarfrestur til og með 11. september 2026, sbr. mál nr. S-159/2026. Fjórar umsagnir bárust, þ.e. frá Strandabyggð, landskjörstjórn, Stéttarfélagi lögfræðinga og einstaklingi. Athugasemdirnar vörðuðu einkum varnarþing þinglýsingamála, dómstólatengingu og framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu, auk hæfiskrafna og þjónustu á landsbyggðinni.

Í umsögn landskjörstjórnarvar lögð áhersla á að breytingar á umdæmaskipan sýslumanns mættu hvorki skerða aðgengi kjósenda að utankjörfundaratkvæðagreiðslu á kjördag né torvelda örugga meðferð atkvæðisbréfa. Í framhaldi átti ráðuneytið frekara samráð við landskjörstjórn og sýslumann. Í kjölfar þess samráðs er lagt til að í 2. mgr. 68. gr. kosningalaga, sbr. 219. gr. frumvarpsins, verði mælt fyrir um skyldu sýslumanns til að tryggja nægilegan fjölda kjörstaða um land allt og sem jafnast aðgengi óháð búsetu. Við útfærslu á 221. gr. frumvarpsins var horfið frá því að miða skil atkvæðisbréfa í venjulegan atkvæðakassa við landið allt sem eitt umdæmi sýslumanns og þess í stað miðað við kjördæmi eða sveitarfélag kjósanda eftir tegund kosninga. Við frekari yfirferð hefur jafnframt verið bent á að kjörstjóri þurfi að geta boðið upp á atkvæðakassa fyrir fleiri en eitt kjördæmi eða sveitarfélag á sama kjörstað, til dæmis fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmin á kjörstað í Suðvesturkjördæmi. Slíkt fyrirkomulag verður að tryggja örugga flokkun og skil atkvæðisbréfa til hlutaðeigandi kjörstjórna. Vísast að öðru leyti til nánari umfjöllunar í kafla 3.8.8.

Í umsögn Strandabyggðar var lögð áhersla á að sameining sýslumannsembætta leiddi ekki til skerðingar á þjónustu eða störfum á landsbyggðinni. Við frekari vinnslu frumvarpsins var litið til þess sjónarmiðs í samhengi við markmið laga um sýslumann, nr. 9/2026, um byggðamál og skyldu til sýslumanns til að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu embættisins óháð búsetu.

Í umsögn Stéttarfélags lögfræðinga voru gerðar athugasemdir við brottfall sérstakra hæfisreglna og ákvæða sem fela sýslumönnum og löglærðum fulltrúum þeirra framkvæmd tiltekinna verkefna. Félagið telur breytingarnar draga úr lögbundnum kröfum um lögfræðilega hæfni við verkefni sem varða flókið lögfræðilegt mat, beitingu opinbers valds og verulega hagsmuni. Þar sem lögfræðimenntun sé ekki lengur lögbundið hæfisskilyrði sýslumanns samkvæmt lögum nr. 9/2026 gætu umræddar breytingar leitt til þess að hvorki sýslumaður né sá starfsmaður sem annast tiltekið verkefni þurfi að hafa slíka menntun. Ekki er fallist á að þessi sjónarmið gefi tilefni til þess að hverfa frá þeirri meginleið sem lögð er til í frumvarpinu.

Í fyrsta lagi er rétt að greina á milli reglna um sérstakt hæfi við meðferð einstakra mála annars vegar og almennra menntunar- og hæfniskrafa til starfsmanna hins vegar. Með frumvarpinu er lagt til að reglur II. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, komi í stað sérstakra hæfisregla einstakra laga. Um það vísast til umfjöllunar í kafla 3.3. Í öðru lagi er ekki á það fallist að réttaröryggi krefjist þess almennt að í sérlögum sé tilgreint hvaða starfsstétt innan embættis sýslumanns megi annast hvert einstakt verkefni. Sú leið er jafnframt almennt ekki farin í íslenskri stjórnsýslu. Fjölmörg verkefni stjórnvalda fela í sér lögfræðilegt mat og ákvarðanir um réttindi og skyldur án þess að lög áskilji lögfræðimenntun. Þetta á m.a. við um verkefni innan Stjórnarráðs Íslands, hjá öðrum ríkisstofnunum og í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja að starfsfólk hafi þá menntun, þekkingu og reynslu sem verkefnin krefjast. Hið sama á nú þegar við um ýmis verkefni sýslumanns sem löglærðir fulltrúar sinna þótt lögfræðimenntun sé ekki sérstaklega áskilin í viðkomandi sérlögum. Í þriðja lagi verður að líta til sameiningar sýslumannsembættanna þann 1. janúar 2027. Eitt embætti á landsvísu skapar aukna möguleika á verkaskiptingu og sérhæfingu óháð staðsetningu starfsfólks. Heppilegra þykir að sýslumaður skipuleggi starfsemi embættisins eftir eðli verkefna fremur en að í einstökum lögum verði almennt kveðið á um hvaða starfsstétt annist þau. Sýslumaður ber ábyrgð á því að meta hvaða menntun og reynsla sé nauðsynleg til þess að tryggja vandaða málsmeðferð. Áfram verður þó gert ráð fyrir að löglærðir fulltrúar sinni lykilhlutverki við þau verkefni sem krefjast lögfræðilegrar sérþekkingar. Verkefni samkvæmt sama lagabálki geta þó verið innbyrðis ólík. Sum krefjast sjálfstæðs lögfræðilegs mats en önnur felast fremur í skráningu, upplýsingagjöf eða undirbúningi. Regla sem bindur alla framkvæmd lagavið löglærða starfsmenn getur því verið víðtækari en nauðsynlegt er og takmarkað möguleika sýslumanns til að útdeila verkefnum á hagkvæman hátt. Í fimmta lagi þykir sú leið sem lögð er til betur til þess fallinn að mæta breytingum til framtíðar. Eitt markmið sameiningar sýslumannsembættanna er að skapa forsendur fyrir aukinni sérhæfingu, samræmdari málsmeðferð og frekari stafrænni þróun. Verkefni sem nú krefjast handvirkrar meðferðar kunna síðar að breytast vegna stafrænnar málsmeðferðar, sjálfvirkrar gagnaöflunar eða breyttrar verkaskiptingar. Ekki þykir æskilegt að binda hendur sýslumanns umfram það sem nauðsynlegt er með lögbundinni starfsstéttaskiptingu sem kann síðar að reyndast óþarflega ósveigjanleg.

Í umsögn frá einstaklingi voru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða almenna tilvísun til varnarþingsreglna V. kafla laga um meðferð einkamála í þinglýsingamálum. Var bent á sérstöðu mála þar sem úrlausn um þinglýsingu er borin undir dóm og nauðsyn skýrra staðbundinna lögsöguviðmiða. Tekið er undir sjónarmiðin sem fram komu í umsögninni og er nú að finna skýrari viðmið um tengingu við héraðsdóm í 3. gr. þinglýsingalaga, sbr. 17. gr. frumvarpsins. Eru viðmiðin í samræmi við gildandi ákvæði um í hvaða umdæmi afhenda skuli skjal til þinglýsingar skv. 4. gr., sbr. 20., 41., 43. og 47. gr. þinglýsingalaga. Þá er rétt að geta þess að við undirbúning frumvarpsins var einnig haft samráð við dómstólasýsluna um dómstólatengingu þeirra mála sem sýslumaður fer með á grundvelli löggjafar sem undanskilin er gildissviði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, þ.e. þinglýsingu, aðfaragerðir, kyrrsetningu, löggeymslu, lögbann, nauðungarsölu og skipti á dánarbúum. Sérstaklega var horft til þess að almenn regla um heimilisvarnarþing væri ófullnægjandi ein og sér, líkt og kveðið var á um í frumvarpsdrögum þeim sem kynnt voru í samráðsgátt, m.a. í þeim tilvikum þegar viðkomandi á ekki heimilisvarnarþing hér á landi. Er því miðað við að varðveita að meginstefnu núverandi lögsöguviðmið í framangreindum málaflokkum. Jafnframt voru mótuð tímaviðmið, vararegla um Héraðsdóm Reykjavíkur og ákvæði um lagaskil. Um meginefni þeirra breytinga sem lagðar eru til vísast að öðru leyti til nánari umfjöllunar í kafla 3.2.

6. Mat á áhrifum.

Alþingi samþykkti 2. febrúar 2026 frumvarp til laga um sýslumann sem kveður á um að sameina núverandi níu sýslumannsembætti í eitt embætti, sbr. lög um sýslumann, nr. 9/2026. Lögin taka gildi 1. janúar 2027 og er frumvarp þetta lagt fram til að laga gildandi lög að þeim breytingum.

Frumvarpið er ekki talið hafa fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð, enda felur það að meginstefnu í sér óhjákvæmilegar lagabreytingar til að laga ýmsa löggjöf að nýjum lögum um sýslumann.

Fjárhagsáhrif sameiningarinnar voru metin við undirbúning þeirra laga og er ekki gert ráð fyrir frekari fjárhagsáhrifum vegna þessa frumvarps.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á jafnrétti kynjanna á annan hátt en gerð var grein fyrir í frumvarpi til laga um sýslumann. Með vísan til þess mats má þó gera ráð fyrir áframhaldandi jákvæðum áhrifum á jafnrétti til lengri tíma, einkum vegna aukinnar sérhæfingar og breytinga á starfaflokkum.

Þar sem ákvæði frumvarpsins eru aðallega hluti af innleiðingu laga um sýslumann og fela ekki í sér efnislegar breytingar á málsmeðferðarreglum laga er ekki talin þörf á að meta áhrif lagasetningar á persónuvernd.

Frumvarpið er ekki talið hafa áhrif á sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1.–227. gr.

Í 1.–227. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 71 lagabálki. Megintilgangur breytinganna er að laga löggjöfina að því að núverandi níu sýslumannsembætti verði sameinuð í eitt embætti og landið verði eitt umdæmi sýslumanns frá 1. janúar 2027, sbr. lög um sýslumann, nr. 9/2026. Breytingar eru að verulegu leyti afleiðingar þessarar skipulagsbreytingar, en jafnframt er lagt til að skýra eða einfalda einstakar málsmeðferðarreglur eftir því sem tilefni er til, sbr. umfjöllun í 3. kafla.

Í fjölmörgum greinum frumvarpsins er tilvísunum til sýslumanna í fleirtölu breytt í eintölu, tilvísanir til umdæma felldar brott og ákvæði um verkaskiptingu eða framsendingu mála milli sýslumannsembætta löguð að einu embætti. Sem dæmi má nefna 1. gr., 12.–14. gr., 57. gr og 159.–165. gr. Jafnframt er lagt til að fella brott ýmis ákvæði sem heimila ráðherra að fela einu embætti sýslumanns að fara með ákveðin sérverkefni. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.1.

Í 17., 55., 65., 74. og 97. gr. eru lagðar til sérstakar reglur um staðbundna lögsögu héraðsdómstóla á grundvelli þinglýsingalaga, laga um aðför, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., laga um skipti á dánarbúum o.fl. og laga um nauðungarsölu. Þær koma í stað tengingar við umdæmi þess sýslumanns sem fer með málið, enda breytir sameining sýslumannsembættanna hvorki fjölda né lögsögu héraðsdómstóla. Markmið breytinganna er að viðhalda eftir föngum þeim landfræðilegu viðmiðum sem nú gilda, þótt umdæmamörk sýslumanna falli brott. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.2.

Í 16., 55., 64., 79., 97. og 182. gr. er lagt til að samræma sérreglur um hæfi ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga, og eftir atvikum taka fram að sýslumaður fari með framkvæmd viðkomandi laga. Með tilvísun til sýslumanns er almennt átt við embættið en ekki að embættismaðurinn sjálfur annist hvert verkefni. Breytingunum er ætlað að skapa svigrúm til verkaskiptingar eftir hæfni og sérþekkingu starfsfólks, án þess að draga úr kröfum um vandaða málsmeðferð. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.3.

Í 15.–44., 107.–115. og 125.–141. gr. er m.a. lagt til að orðunum þinglýsingarstjóri, könnunarmaður og yfirlögráðandi verði skipt út fyrir orðið sýslumaður. Í lögum um skipti á dánarbúum o.fl. og lögum um nauðungarsölu er jafnframt lagt til að fella á brott ákvæði um sérstaka umboðsmenn sýslumanns sem ekki er talin þörf á fyrir nýtt embætti. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.4 og 3.5.

Þá eru lagðar til breytingar á gjaldtökuákvæðum og undanþágum frá gjaldtöku sýslumanns, sbr. til dæmis 95., 96. og 199.–202. gr. Lagt er til að undanþágur frá gjaldi fyrir þinglýsingu, sem nú er kveðið á um í ýmsum lögum, verði færðar í lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991. Sams konar breyting er lögð til um undanþágu frá stimpilgjaldi vegna skala samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.6.

Í 7.–9., 20.–25., 28., 33., 63., 86., 113.–114., 143. og 166. gr. eru m.a. lagðar til breytingar sem eiga að gera orðalag tæknilega hlutlausara. Þar er m.a. dregið úr kröfum um ákveðinn eintakafjölda skjala, löggiltan skjalapappír og varðveislu gagna á pappír. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.7.

Í nokkrum greinum frumvarpsins eru lagðar til orðalags- og samræmingarbreytingar. Sem dæmi má nefna að í 51., 53., 122.–124., 168.–169. og 212.–213. gr. er lögð til samræming á ákvæðum ýmissa laga á sviði skattamála. Í 212. gr. er lagt til að ríkisskattstjóri fari áfram með innheimtu innan höfuðborgarsvæðisins en sýslumaður utan þess, þrátt fyrir að sýslumannsumdæmið nái til landsins alls. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.8.7.

Þá er í 217.–221. gr. lagt til að laga framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar að einu umdæmi sýslumanns. Er þar m.a. lögð skylda á sýslumann að tryggja nægilegan fjölda kjörstaða um land allt á kjördag og sem jafnast aðgengi kjósenda óháð búsetu. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.8.8.

Loks eru víða lagðar til orðalagsbreytingar og leiðréttingar ásamt því að úreltar tilvísanir eru felldar brott í því skyni að bæta samræmi og skýrleika laga, án þess að breyta að öðru leyti gildandi framkvæmd. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3.8. kafla.

Um 228. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. janúar 2027, á sama tíma og lög um sýslumann, nr. 9/2026.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um sérstaka lagaskilareglu um staðbundna lögsögu héraðsdómstóla. Reglan tekur til mála sem þegar eru til meðferðar hjá héraðsdómstólum við gildistöku laga þessara. Hún tekur jafnframt til mála sem þegar eru til meðferðar hjá sýslumanni og ákvarðana og gerða sem fram fóru fyrir gildistöku laganna. Greinin tekur til lögsögu dómstóla vegna þeirra mála sem rekin eru á grundvelli þinglýsingalaga, nr. 39/1978, laga um aðför, nr. 90/1989, laga um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, laga um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991 og laga um nauðungarsölu, nr. 90/1991.

Markmið greinarinnar er að tryggja skýr lagaskil og koma í veg fyrir óvissu um lögsögu héraðsdómstóla hér á landi. Lagt er til að mál sem réttilega hafa verið lögð fyrir héraðsdóm fyrir gildistöku laga þessara verði áfram rekin þar. Þá er lagt til að um lögsögu héraðsdómstóla vegna mála sem voru til meðferðar hjá sýslumanni við gildistöku laganna, svo og vegna ákvarðana eða gerða sýslumanna fyrir þann tíma, fari eftir ákvæðum þeirra fimm lagabálka sem tilgreindir eru í 2. mgr., eins og þau giltu fyrir gildistöku laganna. Við beitingu þeirra ákvæða verði miðað við umdæmi þess sýslumanns sem fór með málið fyrir gildistöku laganna. Þannig verði tryggt að sameining sýslumannsembættanna breyti því ekki hvaða héraðsdómstóll fari með úrlausn þessara mála, jafnvel þótt þau séu fyrst borin undir dóm eftir gildistöku laga þessara.